

# MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA
www.mosfellingur.is

12. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 28. OKTÓBER 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Mynd/Hilmar

*Afmælisveisla í húsakynnum Ístex að Völuteigi. Gunnar Þórarinsson stjórnarformaður, Jón Haraldsson verksmiðjustjóri, Védís Jónsdóttir höfundur afmælisprjónabókarinnar Ístex 30 ára, Rebekka Kristjánsdóttir sölustjóri og Sigurður Sævar Gunnarsson framkvæmdastjóri Ístex.*

Vinna verðmæti úr íslenskri ull • Allar vélar keyrðar í botni • 80% í eigu bænda

# ULL ER GULL! - ÍSTEX 30 ÁRA

Stórafmæli Ístex (Íslenskur textíliðnaður) var fagnað að Völuteigi föstudaginn 15. október. Íslenskur lopi er gífurlega vinsæll um þessar mundir og hefur spunaverksmiðjan í Mosfellsbæ ekki undan að framleiða. Myndast hafa biðlistar eftir vörum úr ullarbænum Mosfellsbæ. Prjónarar tengjast sterkum böndum við land, sögu og þjóð, ásamt fjölbreyttri og spennandi prjónauppskriftaflóru. Þessi markaður hefur vaxið ört undanfarin ár bæði hérlendis og erlendis.

Í tilefni afmælis Ístex var gefin út ný prjónabók með 30 uppskriftum og stefnir í metsölubók eftir fyrstu vikurnar. »14


## EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



**Fossatunga** - parhús

121,6 m2 parhús á einni hæð innarlega í botnlanga við Fossatungu 30 í Mosfellsbæ. Húsið skilast tilbúið til innréttinga að innan en fullklárað að utan með grófjafnaðri lóð í febrúar 2022.

**V. 63,9 m.**





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is










Mosfellingurinn Bjarki Elías Bjarkar Kristjánsson tölvunarfræðingur

## Mosfellskt hugvit sem nær í kringum hnöttinn

»24




# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi**: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*

**Ritstjórn:**
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
**Umbrot og hönnun**: Mosfellingur ehf.
**Próförk:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

*Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.*

**Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsti Mosfellingur kemur út 18. nóvember


# Mosfellskt, já takk!



Ánægjulegir samningar hafa náðst við Aftureldingu um dreifingu Mosfellings en Íslandspóstur ákvað óvænt á síðasta ári að hætta að bera út allan fjölpóst. Þetta er algjört „winwin“ dæmi og frábært að hafa ungmennafélagið með okkur í liði. Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti, stútfullur af fréttum úr bæjarlífinu. Frítt inn um lúguna til þín.

Til hamingju með afmælið Ístex! Fyrirtækið á sér merkilega sögu hér í Mosfellsbæ og í raun hefur ullarvinnsla í Mosfellsbæ staðið samfleytt allt frá árinu 1896, áður undir merkjum Álafoss.
Lopinn er alltaf vinsæll og virðist ekkert lát vera á því. Litla spunaverksmiðjan í Mosfellsbæ hefur ekki lengur undan að framleiða en mikið af vörum Ístex eru seldar út í heim. Íslenska sauðkindin stendur fyrir sínu og hefur gert allt frá landnámi. Þetta og margt fleira fór sjálfur Guðni Ágústsson yfir í glæsilegri afmælisveislu Ístex á dögunum sem gaman var að taka þátt í.

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings*


ÍSFUGL
www.isfugl.is
KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR


## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

### ÁLAFOSS - SIGURJÓN - ÁSBJÖRN




Í áratugi voru þessi nöfn samofin sögu Mosfellssveitar. Frétt og ljósmynd, sem hér er birt, var í Mosfellspóstinum í mars 1983.

*Ásbjörn Sigurjónsson á Álafossi færði Þjóðminjasafninu að gjöf hinn 9. marz sl. hinn sögufræga bát, sem Einar föðurbróðir hans réri út á Reykjavíkurhöfn góðviðriðsdaginn 12. júní 1913 og hafði bláhvítan fána í skut.*

*Kapteinn varðskipsins Islands Falk lét stöðva bátinn og nema af honum fánann og handtók ræðarann.*

*Þessi atburður fyrir tæpum 70 árum varð merkisdagur í sjálfstæðisbaráttunni, þjappaði Íslendingum saman í baráttunni fyrir sjálfstæði sínu og eigin fána. Varð uppi fótur og fit í Reykjavík er atburðurinn spurðist út um bæinn og margir réru út á höfnina, m.a. Sigurjón á Álafossi Pétursson, á sama bát og Danirnir höfðu áður hertekið. Hafði Sigurjón enn stærri bláhvítan fána í bátnum.*

*9. marz voru 95 ár frá fæðingu Sigurjóns á Álafossi. Þótti Ásbirni og fjölskyldu hans vel henta að afhenda Þjóðminjasafninu hinn sögufræga bát þá. Áður hafði Sigurjón á Álafossi gefið safninu bláhvíta fánann sem Danir hertóku. Eru nú bæði bátur og fáni í eigu safnsins. Þór Magnússon sagði er hann veitti bátnum viðtöku, að Ásbjörn hefði í raun fært safninu gullskip.*

*„Gullskipið“ sem Ásbjörn gaf er frábærlega vandaður róðrarbátur frá Oxford. Hafði Sigurjón eignast hann 1906.*

*Hann átti bátinn til 1936, að hann gaf Ásbirni syni sínum hann. Ásbjörn réri oft á bátnum og bar hann þá frá Álafossi til sjávar og heim aftur við annan mann.*

*Blaðamaður Mosfellspóstsins varð vitni að síðustu siglingu bátsins. Hún fór fram á andatjörn við heimili Ásbjörns og sat Ásbjörn við árar. Báturinn er mjög vel með farinn og gæti enn dugað til hvers þess verkefnis, sem hann var smíðaður til í upphafi þessarar aldar.*

**Umsjón:** Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

## HÉÐAN OG ÞAÐAN






Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?








# Fasteignasala Mosfellsbæjar


Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali


Egilína S. Guðgeirsdóttir


Þórhildur M. Sandholt
Lögg. fasteignasali


Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali


Theodór Emil Karlsson
Aðstoðarmaður fasteignasala

## EYJABAKKI - KJÓS



Sumarbústaðalóðir við Eyjabakka í Kjós. Lóðirnar standa við ána Sandá rétt við Meðalfellsvatn. Akstur frá höfuðborgarsvæðinu er 30-40 mín. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarks byggingarmagn á lóð er 100 m2, þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m2.

**V. 5,4-6,3 m.**

## FÁLKAHÖFÐI - ENDARAÐHÚS



Fallegt og vel skipulagt 148 m2 endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Fálkahöfða 7 í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 148 m2, þar af raðhús 119,4 m2 og bílskúr 28,6 m2. Björt og skemmtileg eign á frábærum stað.

**V. 91,9 m.**

## STÓRITEIGUR



Mjög fallegt 211,7 m2 einbýlishús á einni hæð, þar af er bílskúr 40,6 m2, á frábærum stað innarlega í rólegri og fjölskylduvænni götu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Granít í borðplötum og gluggakistum. Stór timburverönd í suðurátt með heitum potti. Mikið endurnýjað árið 2006.

**V. 116 m.**

## BLIKAHÖFÐI




Rúmgóð 120,7 m2, 5 herbergja endaíbúð á 2. hæð. Sérgeymsla í kjallara. Íbúðin leigist með ísskáp og uppþvottavél. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla, sundlaug, líkamsrækt og golfvöll. Eignin er laus til afhendingar strax.

**V. 310 þ. á mánuði**

## LILJUGATA




Ný 49,1 m2 2ja herbergja íbúð á 2. hæð við Liljugötu 7 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofugang, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Geymsla er í sameign. Gardínur eru í gluggum. Ísskápur og uppþvottavél fylgja með í leigunni. Eignin er laus til afhendingar strax.

**V. 185 þ. á mánuði**

## BUGÐUFLJÓT




210,5 m2 fullbúið atvinnuhúsi (endabil) með tveimur innkeyrsluhurðum við Bugðufljót 9 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar í janúar 2022. Eignin skiptist í stóran vinnusal, kaffistofu og salerni.

**V. 500 þ. á mánuði**

## BUGÐUFLJÓT



Nýtt atvinnuhúsnæði sem er að rísa á stórri lóð við Bugðufljót 17 á Tungumel í Mosfellsbæ. Bilin verða 113m2 til 118 m2 og verða afhent í janúar 2022. Tvær innkeyrsluhurðir eru á hverju bili. Mögulegt er að fá rétt á að skrá milliloft í bilin, fjölga þannig fermetrum og auka verðmæti þeirra.

**V. 39,2 m.**

## DESJAMÝRI



42.4 m2 geymsluhúsnæði (endabil) á lokuðu svæði við Desjamýri í Mosfellsbæ. Epoxý gólfefni. Þriggja fasa tengill. Mikil lofthæð og því hægt að setja geymsluloft Allt útisvæði er malbikað og afgirt með netgirðingu.

**V. 17.0 m.**

# VILTU SELJA?

## Ertu í söluhugleiðingum eða að velta fyrir þér að kaupa fasteign?



**Svanþór Einarsson**
Löggiltur fasteignasali
svanthor@fastmos.is
S: 698 8555

**VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR OKKUR ALLAR GERÐIR EIGNA**



**Sigurður Gunnarsson**
Löggiltur fasteignasali
sigurdur@fastmos.is
S: 899 1987

Fastmos ehf. • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • www.fastmos.is • Svanþór Einarsson, löggiltur fasteignasali



## 30 ára afmælishátíð Karlakórs Kjalnesinga

Karlakór Kjalnesinga heldur upp á 30 ára starfsafmæli með tónleikum í Hallgrímskirkju laugardaginn 6. nóvember kl. 16. Sérstakir gestir eru söngkonan Bríet og karlakórinn Hreimur. Á efnisskránni verða kraftmikil karlakórslög í bland við fallegar perlur. Karlakór Kjalnesinga var stofnaður árið 1991 af nokkrum félögum af Kjalarnesi og Kjós. Páll Helgason stjórnaði kórnum fyrstu 20 árin en hann hefur haft mikil áhrif á tónlistar- og menningarlíf í Kjósarsýslu. Núverandi kórstjóri er Þórður Sigurðarson. Kórinn hefur á að skipa rúmlega 50 söngmönnum og er æfingaaðstaða kórsins að Fólkvangi á Kjalarnesi.



## Stofutónleikar haldnir að hausti

Stofutónleikar á Gljúfrasteini hafa um árabil verið vel sóttir og gestir þeirra verið ákaflega ánægðir með upplifunina. Sérstaklega hefur verið minnst á þá einstöku nálægð sem skapast milli gesta og tónlistarfólks og hversu notalegt það sé að sitja í stofunni og hlýða á lifandi tónlist. En það er einmitt þessi nálægð sem hefur gert það að verkum að ekki hefur verið hægt að halda tónleika í stofunni í heimsfaraldri. Það var því ákveðið að bjóða upp á haust- og vetrartónleika sem hófust 10. október. Sunnudaginn 31. október leikur bassaleikarinn og tónskáldið Ingibjörg Elsa Turchi fyrir gesti. Með henni verða Tumi Árnason á saxófón, Magnús Tryggvason Eliassen á trommur, Hróðmar Sigurðsson á gítar og Magnús Jóhann Ragnarsson á píanó. Hallveig Rúnarsdóttir, óperusöngkona og Árni Heimir Ingólfsson, píanóleikari slá lokatóninn á stofutónleikum sunnudaginn 7. nóvember. Miðar á alla tónleika eru seldir samdægurs í safnbúðinni á Gljúfrasteini og kosta 3.500 krónur. Ókeypis er fyrir börn á leikskólaaldri.



SKÓLAÞING HALDIÐ Í HELGAFELLSSKÓLA

*Margar góðar hugmyndir og tillögur komnar fram • Hvað er góður skóli?*

# VEL HEPPNAÐ SKÓLAÞING

Mánudaginn 11. október var efnt til skólaþings í Mosfellsbæ sem haldið var í Helgafellsskóla.

Skólaþingið er liður í endurskoðun á menntastefnu Mosfellsbæjar og er markmið þingsins að skapa vettvang fyrir nemendur, starfsfólk, foreldra eða forráðamenn og íbúa til verkefnavinnu sem ætlað er að verða innlegg í uppfærða menntastefnu Mosfellsbæjar í byrjun næsta árs.

**Þrískipt dagskrá yfir daginn**

Þema skólaþings var „Hvað er góður skóli?“ og var dagskráin þrískipt. Í fyrsta hlutanum ræddu nemendur 1. – 10. bekkja þær spurningar sem lagðar voru fyrir þingið. Í öðrum hluta kom starfsfólk grunnskóla, leikskóla, Listaskóla, frístundar og félagsmiðstöðvar saman og loks foreldrar, forráðamenn og íbúar.

Alls tóku um 200 manns þátt í vinnu dagsins. Um miðbik hverrar vinnulotu var 20 mínútna innlegg frá valinkunnum aðilum sem fjölluðu um áhugaverð málefni sem snertu sérstaklega hvern hóp fyrir sig. Þannig ræddi Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania, við fulltrúa starfsmanna, Ingvi Hrannar Ómarsson, kennari og frumkvöðull átti samtal við fulltrúa foreldra og Lilja Eivor Gunnarsdóttir þjálfari hjá KVAN spjallaði við fulltrúa nemenda.



Á skólaþinginu sköpuðust frjóar umræður og margar góðar hugmyndir og tillögur komu fram sem unnið verður úr.

**Íbúaþing haldið laugardaginn 6. nóvember**

Boðað verður til frekari vinnu með íbúum laugardaginn 6. nóvember frá kl. 10.00-12.00 í Helgafellsskóla. Til umræðu verða sömu spurningar og á þinginu 11. október, boðið upp á veitingar og vel hugað að sóttvörnum. Loks hefur verið farin sú leið að hafa rýnihópa leikskólabarna til að kalla eftir þeirra hugmyndum og sjónarmiðum við endurskoðun menntastefnu Mosfellsbæjar.

*Ungmennafélagið tekur við af Póstinum • Deildirnar skiptast á • Iðkendur léttir á fæti*

# Afturelding sér um dreifingu Mosfellings

Mosfellingur og ungmennafélagið Afturelding hafa gert með sér samning um dreifingu bæjarblaðsins. Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti og er dreift frítt í hús í Mosfellsbæ.

Íslandspóstur hefur séð um dreifingu blaðsins í fjöldamörg ár en ákvað að hætta að dreifa ónafngreindum fjölpósti á síðasta ári í sparnaðarskyni. „Þá voru góð ráð dýr,“ segir Hilmar Gunnarsson ritstjóri Mosfellings. „Við leituðum til Aftureldingar og höfum átt mjög gott samstarf við félagið sem hefur nú verið innsiglað til næstu ára.“

**Ný fjáröflun ungmennafélagsins**

Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi Aftureldingar tekur í sama streng og fagnar þessari nýju fjáröflun félagsins. „Við erum með galvaska iðkendur innan okkar raða sem fara létt með þetta verkefni. Deildir félagsins hafa skipst á að bera út blaðið og verður það þannig áfram.“

Þessi skerta þjónusta hins ríkisrekna Íslandspósts þýðir að dreifbýlið situr eftir. Við bendum því góðfúslega á að hægt er að nálgast eintak á næstu bensínstöð, bókasafninu, íþróttamiðstöðvunum og fleiri fjölförnum stöðum í Mosfellsbæ. Svo er auðvitað hægt að lesa blaðið á netinu, www.mosfellingur.is.

Á myndinni má sjá Hönnu og Hilmar handsala samninginn.



HANNA OG HILMAR

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

**Sunnudagurinn 31. október**
Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Ragnheiður.
Ungmennakórinn Fermata syngur.

**Sunnudagurinn 7. nóvember**
Allra heilagra messa kl. 20 í Lágafellskirkju. Sr. Ragnheiður.

**Sunnudagurinn 14. nóvember**
Fjölskylduguðsþjónsta kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Arndís og Bryndís leiða.

**SUNNUDAGASKÓLI**
Ávallt kl. 13 í Lágafellskirkju í vetur
Söngur, fjör, biblíusaga, Rebbi og Mýsla. Allir krakkar fá grænar gjafir með sér heim frá kirkjunni.

**FORELDRAMORGNAR**
Á fimmtudögum kl. 10-12 í safnaðarheimilinu, 3. hæð. Dæmi um dagskrá: Opið hús, gestafræðarar, léttar veitingar, leikföng og gott samfélag fyrir foreldra.

**KYRRÐARBÆNASTUNDIR**
Í Mosfellskirkju á þriðjudögum kl. 17:30. Byrjendur mæti kl. 17.

*Nánari upplýsingar á lagafellskirkja.is & endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlunum facebook & instagram.*




ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16




## Hrekkjavökuhátíð í Kjarna á laugardag

Laugardaginn 30. október, kl. 13.00-15.00, verður haldin Hrekkjavökuhátíð á neðri hæð Kjarna í Mosfellsbæ. Þar verður að finna drungalegt draugahús og blaðrara sem býr til hryllileg blöðrudýr og á hátíðinni verður bæði búningakeppni og happdrætti. Auk þess mun Ásrún Magnúsdóttir lesa upp úr nornabókinni Brásól Brella. Ásrún er mosfellskur rithöfundur sem skrifar bækur fyrir börn og fjallar bókin Brásól Brella um norn sem hélt að hún gæti ekki galdrað en dag einn breytir hún pabba sínum óvart í puntsvín. Hún þarf að leita sér hjálpar og leggja í hættulegan leiðangur í gegnum Stóraskóg þar sem sísvangir úlfar og blóðþyrstar vampírur halda til. Bókaútgáfan Bókabeitan heldur hátíðina og á hrekkjavökuhátíðinni verður einmitt hægt að finna barnabækur á hryllilega góðu tilboði.



## Frábær þátttaka í Heilsa og hugur

Námskeiðinu Heilsa og hugur var hrint af stað um miðjan september og er það viðbót við það fjölbreytta starf fyrir eldri borgara sem þegar er í boði í heilsueflandi samfélaginu Mosfellsbæ. Námskeiðið er fyrir Mosfellinga 60 ára og eldri og er lögð áhersla á bætta heilsu, vellíðan og gleði. Æfingar og fyrirlestrar fara fram í íþróttahúsinu að Varmá, en einnig er lögð áhersla á útihreyfingu. Frábær þátttaka hefur verið á námskeiðinu og fóru tvö námskeið af stað með samtals 60 þátttakendum. Námskeiðið stendur yfir í 12 vikur í haust, verði er stillt í hóf og hafa þátttakendur verið hvattir til að nýta sér frístundaávísun Mosfellsbæjar á móti þeim kostnaði. Áætlað er að halda námskeið að nýju á vormánuðum með aðkomu Heilsugæslunnar í Mosfellsbæ.



## Fermingarbörn safna fyrir vatnsverkefnum

Þriðjudaginn 2. nóvember kl. 18–21 munu fermingarbörn úr Lágafellssókn ganga í hús í Mosfellsbæ með söfnunarbauka og safna fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Söfnun þessi er hluti af fermingarfræðslunni, liður í því að minna á að safna til góðs til þeirra sem minna mega sín og hvetjum við íbúa til þess að taka vel á móti krökkunum.



## UPP ÚR KJALLARANUM



Ungt tónlistarfólk steig á svið á Barion á tónleikum Kjallarans, tónlistaraðstöðu félagsmiðstöðvarinnar Bólsins, og lét ljós sitt skína.

*Yngsti bakari landsins, Elín Heiða 12 ára, gefur út matreiðslubók með mömmu sinni*

# Samvinna mæðgna í eldhúsinu

Berglindi Hreiðarsdóttur þekkja flestir en hún er ein af þekktustu matarbloggurum landins og heldur úti síðunni Gotteri.is. Einnig hefur Berglind sent frá sér fallegar og skemmtilegar matreiðslubækur undanfarin tvö ár þar sem hún ásamt því að hanna uppskriftirnar, tekur allar myndir og setur bækurnar sjálf upp.

„Nú er svo komið að ég er að gefa út fjórðu uppskriftabókina mína en nú í samvinnu við 12 ára dóttur mína, Elínu Heiðu sem er í 7. bekk í Kvíslarskóla," segir Berglind.




### Börnin baka

Bókin heitir Börnin baka en í henni má finna yfir 50 fjölbreyttar og einfaldar uppskriftir sem sérstaklega eru ætlaðar börnum. „Elín Heiða sá um að útbúa alla réttina í bókinni sjálf á meðan ég myndaði, stíliseraði og einnig sá ég um umbrot og útgáfu.

Ég veit ekki til þess að 12 ára barn hafi gefið út svona uppskriftabók áður og er óendanlega stolt af henni. Þess má geta að hluti af uppskriftunum eru einmitt uppskriftir sem hún hefur komið með heim úr heimilisfræðitímum úr skólanum."

### Skemmtilegt verkefni mæðgna

„Markmið með bókinni er að fá börn til þess að æfa sig í að baka og öðlast sjálfstæði í eldhúsinu um leið og þau töfra fram ljúffenga rétti fyrir fjölskyldu og vini. Flest börn sem kunna að lesa, þekkja aðeins til í eldhúsinu sínu og kunna á þau tæki og tól sem þar er að finna ættu að ráða við uppskriftirnar í þessari bók. Önnur gætu þurft smávægilega aðstoð og síðan eru þetta allt saman góðar uppskriftir fyrir mömmur og pabba líka.

Að koma saman matreiðslubók sem þessari er skemmtilegt verkefni og að vinna það með dóttur sinni gerir það enn skemmtilegra," segir Berglind að lokum og bætir við að það verði gaman að sjá hvernig viðbrögð þessi bók fái í jólabókaflóðinu.



MÆÐGURNAR BERGLIND OG ELÍN HEIÐA Í ELDHÚSINU Í LAXATUNGU







*Árleg hrútasýning Sauðfjárræktarfélagsins í Kjós • Nánari hrútskýringar á baksíðu*

# Hrútarnir þuklaðir í Kjósinni

Hrútasýning Sauðfjárræktarfélagsins í Kjós fór fram mánudaginn 11. október. Í félaginu eru sauðfjárbændur í Kjós, á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ og kepptu þeir sín á milli um hver ætti besta hrútinn. Keppt var í nokkrum flokkum og fengu bændur stiguð og ómmæld lömb og veturgamla hrúta.

Hrúturinn Þyrnir frá Miðdal bar sigur úr býtum og hreppti þar með hinn eftirsótta hreppaskjöld. Þyrnir bar af í flokki veturgamalla hrúta og bætir sig frá fyrra ári, þegar hann mældist næsti hæsti lambhrúturinn á landsvísu.

„91,5 stig þykir mjög gott. Hann fær að sjálfsögðu að spreyta sig áfram í Miðdal og vonandi sem lengst," segja þau Ólöf Ósk og Hafþór eigendur hrútsins. Í 2. sæti lenti Klassi frá Meðalfelli og 3. sæti Búi frá Kiðafelli.

Á baksíðu blaðsins má sjá Þyrni, Klassa og Búa ásamt eigendum sínum.

Aðrir sigurvegarar:

**Kollóttir lambhrútar**
1. sæti Lamb nr 61 frá Kiðafelli (88,5)

**Mislitir lambhrútar:** 1.sæti Lamb nr 100 frá Miðdal (86), grár og hyrndur

**Hyrndir hvítir lambhrútar**
1. sæti Lamb nr 121 frá Kiðafelli (87,5)

KÍKTU Í VEISLUNA

Nú er Erla
búin að breyta og bæta!

Erlu ís

Opið alla daga 12:00-23:00 Háholt 13-15 270 Mosfellsbær



## Stúart litli sýndur í Bæjarleikhúsinu

Stúart litli er glænýr fjölskyldusöngleikur stútfullur af söng og dansi með splunkunýrri tónlist eftir Valgeir Skagfjörð. Söngleikurinn er byggður á bókinni Stúart litli eftir E.B. White og samnefndri kvikmynd eftir Rob Minkoff. Blær vill ekkert meira í heiminum en að eignast lítinn bróður. Friðrik Kríli og Nóra Kríli kynnast lítilli mús að nafni Stúart, kolfalla fyrir honum og ættleiða hann. Blær og heimiliskötturinn Snjói verða hins vegar ekki sátt við nýja fjölskyldumeðliminn. Við fylgjumst með Stúart takast á við ýmsar áskoranir og lenda í skemmtilegum ævintýrum. Leikstjóri er Elísabet Skagfjörð en sýningin er frumsýnd 5. nóvember og verður sýnd alla sunnudaga í vetur kl. 16:00 í Bæjarleikhúsinu. Miðaverð er 2.900 krónur og hægt er að panta miða í síma 5667788 eða í gegnum facebook-síðu Leikfélagsins.


**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?**
SENDU OKKUR LÍNU...
MOSFELLINGUR
mosfellingur@mosfellingur.is


*Söngskemmtun Karlakórsins Stefnis í íþróttahúsinu að Varmá laugardaginn 6. nóvember*

# Söngurinn í Mosó endurvakinn

Hin árlega söngskemmtun Karlakórsins Stefnis, Söngurinn í Mosó, féll niður í fyrra en nú verður hún endurvakin í Íþróttahúsinu að Varmá laugardaginn 6. nóvember og hefst kl. 14:00.

Þessi skemmtun hefur verið afar vel sótt undanfarin ár enda dagskráin jafnan fjölbreytt og lífleg. Að þessu sinni er annar gestakórinn í raun og veru heimakór, Kvennakórinn Heklurnar. Þær segjast vera „kórinn sem bakar ekki,“ en það gerir ekkert til af því að þær syngja svo vel.

Hinn gestakórinn er Karlakórinn Þrestir úr Hafnarfirði. Hann mun vera elsti karlakór landsins, stofnaður 1912, en það gerir ekkert til heldur því að það eru engir stofnfélagar lengur að syngja í kórnum svo vitað sé.



KARLAKÓRINN STEFNIR

Gestgjafarnir, Karlakórinn Stefnir, syngja auðvitað líka á tónleikunum og munu ekki láta sitt eftir liggja. Eins og undanfarin ár mun hver kór fyrst syngja nokkur lög, síðan sameinaður karlakór og loks allir kórarnir saman.

Söngstjórar eru Dagný Þ. Jónsdóttir, Árni Heiðar Karlsson og Sigrún Þorgeirsdóttir en á píanó leika Kristján K. Bragason, Árni Heiðar Karlsson og Vignir Þór Stefánsson. Aðgangur er ókeypis eins og áður og allir velkomnir.

*20 mosfellsk fyrirtæki á lista Creditinfo • Fagverk efst á heldarlistanum í 108. sæti*

# Framúrskarandi í Mosfellsbæ

Creditinfo hefur birt lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki fyrir rekstrarárið 2020. Þetta er í tólfta sinn sem Creditinfo veitir Framúrskarandi fyrirtækjum viðurkenningu

Til að teljast til Framúrskarandi fyrirtækja þurfa fyrirtæki að uppfylla ströng skilyrði um stöðugan rekstur þrjú ár aftur í tímann.

Mosfellsbær er heimili 20 fyrirtækja sem uppfylla skilyrði Creditinfo fyrir veru á lista Framúrskarandi fyrirtækja. Þau eru alls 853 talsins, eða um 2 prósent virkra fyrirtækja.

**Ísfugl á listanum frá upphafi**

Fimm efstu sætin í Mosfellsbæ skipa fyrirtækin Fagverk verktakar sem er í 108. sæti á heildarlista Framúrskarandi fyrirtækja, Byggingafélagið Bakki (í 147. sæti), PetMark (234. sæti), Ístak (264. sæti) og Hásteinn (301. sæti).

Fjögur fyrirtæki koma ný inn á listann, Útilegumaðurinn, Dignitas, Trostan og Afltak. Þá hefur eitt fyrirtæki í Mosfellsbæ átt sæti á listanum allt frá upphafi, en það er fyrirtækið Ísfugl.


HAFDÍS, ARNAR, MAGNÚS ÞÓR OG GUÐLÍN MEÐ VIÐURKENNINGAR HÚSASTEINS OG ALEFLIS

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU




### Bankastjóra-BINGÓ á BARION

*Þriðjudaginn 2. nóvember kl. 15:00*
Við ætlum að halda skemmtilegt BINGÓ á BARION, Þverholti 1, með Kalla bankastjóra, Úllu og Margréti. Bingóspald, kaffi og kleina á 1.000 kr. Aukaspjald á 300 kr.
Flottir vinningar í boði.
Hlökkum til að sjá þig.
*Félagsstarf eldri borgara og FaMos*

### Opið hús

Næsta „Opna hús“ verður mánudaginn 8. nóvember kl. 20 í Harðarbóli. Þá mun Stormsveitin mæta og skemmta okkur, algjört þrumustuð.

### Nóvemberskreytingar

**með Brynju dagana 8. og 9. nóvember kl. 11:00**
Brynja skreytingameistarinn okkar verður með alls konar sniðugt í pokahorninu, fullt af efni á staðnum en líka velkomið að koma með sitt eigið. Verið velkomin og þeir sem hafa áhuga á að vera með endilega hafið samband við okkur áður í félagsstarfið í síma 586-8014 virka daga kl. 11-16 eða á elvab@mos.is
Þátttökukostnaður að sjálfsögðu í lágmarki eins og alltaf.

### „Lækningin býr í þér“

Fimmtudaginn 11. nóv kl. 13:30 í borðsal Eirhamra.



Guðrún Ólafsdóttir frá Heilsuhjálpinni fjallar um hvernig við getum lifað innihaldsríku lífi og aukið lífsgleði okkar. Áhugaverður fyrirlestur sem kemur inn á viðhorf okkar til lífsins og breytinga sem við erum að upplifa á öllum æviskeiðum. Guðrún ræðir fegurðina sem getur falist í kærleiksríkum samskiptum við okkur sjálf og auðvitað aðra.
„Allt sem þú gefur frá þér færðu til baka.“
Allir hjartanlega velkomnir og kaffi og meðlæti selt eftir fyrirlesturinn í matsal á 500 krónur.

### BASAR/BÚÐ 2021

Hinn árlegi basar á vegum félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ breytist í þetta sinn í basarbúð í 3 vikur og byrjar salan mánudaginn 15. nóv kl 11:00 í félagsstarfinu Hlaðhömrum 2. Fallegar handunnar vörur á afar góðu verði og úrvalið fjölbreytt. Hlökkum til að sjá sem flesta í basarbúðinni. Allur ágóði fer eins og alltaf til þeirra sem þurfa aðstoð í bænum okkar.
Opnunartími basarbúðarinnar mán-fim 11:00-16:00 og fös 13:00-16:00.
Erum einnig með Facebook-síðu sem hægt verður að kíkja á basarvörurnar, Félagsstarfið Mosfellsbæ.
Posi verður á staðnum.
STYRKJUM GOTT MÁLEFNI:)

### Jólahádegisverður á Vox Brasserie

Í hádeginu föstudaginn 3. des kl. 11:30 á Vox Suðurlandsbraut 2 (gamla hótel Esja)
Boðið verður upp á úrval jólalegra forrétta, hátíðlegra aðalrétta og gómsætra eftirrétta. verðið er 5500 á mann fyrir utan drykki, hver og einn borgar fyrir sig. Farið verður á einkabílum og þeim sem vantar far munum við reyna að hjálpa til við að útvega það. Muna bara að láta vita og mæta tímanlega .
Skráning í síma 586-8014/ 698-0090 eða á elvab@mos.is eða þátttökublaði í handverksstofu.

### Gaman saman

Verður haldið næst 4. nóvember kl. 13:30 í borðsal Eirhamra.
Allir hjartanlega velkomin að hlusta á skemmtilega tóna.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA**
**í Mosfellsbæ og nágrenni**
*famos@famos.is*
*www.famos.is*

**STJÓRN FAMOS**

**Ingólfur Hrólfsson** formaður
s. 855 2085 *ihhj@simnet.is*

**Úlfhildur Geirsdóttir** varaformaður
s. 896 5700 *bruarholl@simnet.is*

**Margrét Ólafsdóttir** gjaldkeri
s. 863 3359 *margretjako@gmail.com*

**Snjólaug Sigurðardóttir** ritari
s. 897 4734 *snjolaugsig@simnet.is*

**Kristbjörg Steingrímsdóttir** meðstjórnandi
s. 898 3947 *krist2910@gmail.is*

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** 1. varamaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

**Þorsteinn Birgisson** 2. varamaður
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

Mosfellsbær

## ÞÉR ER BOÐIÐ Á

# ÍBÚAÞING UM MENNTASTEFNU

## MOSFELLSBÆJAR

**Laugardaginn 6. nóvember kl. 10:00-12:00 í Helgafellsskóla**

Markmið íbúaþings er að skapa vettvang fyrir íbúa til að hafa áhrif á mótun menntastefnu Mosfellsbæjar sem nú er í endurskoðun og áætlað að verði gefin út í janúar 2022.

**ÞEMA ÍBÚAÞINGS ER:**
**HVAÐ ER GÓÐUR SKÓLI?**

- Setningarávarp
- Verkefnavinna

*Stjórnandi íbúaþings: Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir*

Boðið upp á veitingar og hugað verður vel að sóttvörnum.

Raddir íbúa Mosfellsbæjar eru mikilvægar inn í mótun menntastefnu.

## *ÞÁTTTAKA ÞÍN SKIPTIR MÁLI!*



VIRÐING | JÁKVÆÐNI | FRAMSÆKNI | UMHYGGJA



LOPI

# Ístex 30 ára

Glæsileg ný prjónabók
eftir Védísi Jónsdóttur

Íslensk ull
Gæðamerki

# VELKOMINN VETUR

## SPENNANDI VIÐBURÐIR Í KEILUHÖLLINNI Í NÓVEMBER

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. facebook.com/keiluhollin

**Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is**




























NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU

keiluhollin.is

Keiluhöllin EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

MOSFELLSBÆR

# Auglýsingar vegna skipulags

**Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nýtt deiliskipulag skv. 1. mgr. 41. gr., breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. og lýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags skv. 3. mgr. 40 gr. sömu laga.**

### Aðalskipulag í Helgafellshverfi 302-Íb

Breytingin felur í sér að fjölga leyfilegum íbúðum í suðurhlíðum Helgafells úr 940 í 1.150. Breytingin einkennist af uppfærslu í töflu greinargerðar gildandi aðalskipulags. Breytingin er í samræmi við uppbyggingu svæðisins sem hefur einkennst af fjölbreyttari húsakosti innan hverfisins í formi aukins framboðs smærri eigna. Tillagan er framsett með greinargerð.

### Deiliskipulag 5. áfanga Helgafellshverfis

Nýr áfangi Helgafellshverfis er á um 8,5 ha svæði í eigu sveitarfélagsins austast í hverfinu, norðan nýs Skammadalsvegar. Hið nýja hverfi tengist um hringtorg Gerplustrætis, Vefarastrætis og Skammadalsvegar. Hverfið einkennist af blandaðri byggð fjölbýlis-, rað-, par- og einbýlishúsa. Ráðgerðar eru 151 íbúð á svæðinu þar af 5 í sérstökum búsetukjarna fyrir fatlaða. Svæðið tengist aðalstíg samgangna gangandi og hjólandi sem og annarra útivistarstíga á svæðinu. Tillagan er framsett á deiliskipulagsuppdrætti, skýringaruppdrætti og með greinargerð.



### Deiliskipulag Hamraborgar við Langatanga

Nýtt deiliskipulag er á 2,6 ha svæði á horni Langatanga og Bogatanga. Fyrir er eitt hús á lóðinni, Hamraborg. Byggð tengist um Langatanga og einkennist af blandaðri byggð fjölbýlis-, rað- og einbýlishúsum. Fjölbýli er syðst á reitnum en sérbýli á tveimur hæðum nyrst. Ráðgerðar eru 52 íbúðir á svæðinu að meðtöldu núverandi húsi. Skipulagið er vel tengt fyrirliggjandi innviðum og áætluðum almenningssamgöngum. Tillagan er framsett á deiliskipulagsuppdrætti, skýringaruppdrætti og með greinargerð.



### Deiliskipulagsbreyting Uglugötu 40-46

Breytingin felur í sér að 6 eininga, tveggja hæða, raðhúsi við Uglugötu verði breytt í 8 eininga fjölbýli á tveimur hæðum. Í samræmi við nærliggjandi byggingar. Fjölbýlið þrepast í landi með tveimur utanáliggjandi stigahúsum, Uglugata 40 og 42. Tvö bílastæði fylgja íbúð. Aðrir byggingarskilmálar eða byggingarmagn breytist ekki. Tillagan er framsett á deiliskipulagsuppdrætti.

**Athugasemdarfrestur ofangreindra skipulagsmála er frá 28. október til og með 12. desember 2021.**

### Lýsing 6. áfanga Helgafellshverfis

Skipulagslýsing er undanfari deiliskipulags og kynnir hún markmið og áætlun verkefnisins. Fyrirhugað er að deiliskipuleggja nýtt íbúðasvæði, Helgafellshverfi - nyrsti hluti (327-íb), skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Íbúðasvæðið er alls um 10 ha og ráðgert er að þéttleiki fullbyggðs hverfis verði 9,0 íbúðir á ha, þ.e. 90 íbúðir. Áætluð er blönduð byggð sem þó einkennist af sérbýliseignum. Landið afmarkast af Vesturlandsvegi til vesturs, Þingvallavegi og þéttbýlismörkum til norðurs, Helgafelli til austurs og eldri byggð við Ásahverfi til suðurs. Skipulagsráðgjafar verksins verða GlámaKím arkitektar.

**Umsagnafrestur er frá 28. október til og með 28. nóvember 2021.**

Gögn eru aðgengileg á vef Mosfellsbæjar og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2 svo þau sem vilja get kynnt sér tillögur og gert við þær athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar ásamt helstu upplýsingum og kennitölu sendanda. Senda skal þær skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða í tölvupósti á **skipulag@mos.is.**

**Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar**

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA




**ÍÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ, MOSFELLSBÆ**
**laugardaginn 6. nóvember kl. 14**

**KVENNAKÓRINN HEKLURNAR**
**Stjórnandi** Dagný Þ. Jónsdóttir
**Píanó** Kristján K. Bragason

**KARLAKÓRINN ÞRESTIR**
**Stjórnandi** Árni Heiðar Karlsson
**Píanó** Árni Heiðar Karlsson

**KARLAKÓRINN STEFNIR**
**Stjórnandi** Sigrún Þorgeirsdóttir
**Píanó** Vignir Þór Stefánsson

**Aðgangur ókeypis**




**Davíð Ólafsson lög. fast.**
**david@fastborg.is**

# ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

*- fagleg og persónuleg þjónusta*
**HRINGDU Í 897-1533**

BORG
FASTEIGNASALA




MOSFELLSBÆR

# Laus störf í Mosfellsbæ

**Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.**

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

**www.mos.is/storf**

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

ALLT
FASTEIGNASALA

# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

## Við erum reynsluboltar í fasteignaviðskiptum sem vinnum af heilindum fyrir þig



Bjarni Lárusson löggiltur fasteignasali og hæstaréttarlögmaður. Bjarni hefur nær 30 ára reynslu af lögmannsstörfum og hefur jafnframt um tíma sinnt störfum við fasteignasölu, rekstri dómsmála um fasteignir,fasteignakaup, gallamálum og fleira sem því tengist. Hann er áhugasamur um skipulagsmál, þróun fasteignamarkaðarins hér á landi og lagaumgjörð greinarinnar. Lögmennsku og fasteignasölu tekur Bjarni alvarlega og kappkostar að veita vandaða og áreiðanlega þjónustu.
**bjarni@allt.is  Sími: 560 5518**

Jóhann Halldórsson er frá Vestmannaeyjum en býr nú í Kópavogi ásamt fjölskyldu sinni. Hann er viðskiptafræðingur og hefur auk þess réttindi sem löggiltur fasteignasali og leigumiðlari. Þá hefur hann lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Jóhann var um langt skeið starfsmaður Íslandsbanka þar sem hann framkvæmdi m.a greiðslumöt og fasteignaútlán á útibúasviði bankans og var sparnaðar og lífeyrisráðgjafi á eignastýringasviði bankans. Frítíma ver hann með fjölskyldu og í að byggja sumarhús í Vestmannaeyjum.
**jh@allt.is Sími: 560 5514**

Einar Gunnarsson er löggiltur fasteignasali og hóf hann störf hjá Allt fasteignasölu í lok 2019. Hann er alinn upp í Hafnarfirði en flutti í Árbæinn fyrir tíu árum síðan. Einar er kvæntur og tveggja barna faðir. Fátt finnst honum skemmtilegra en að spila golf á sólríkum degi. Einar leggur mikinn metnað í að veita faglega, trausta og ábyrga þjónustu.
**einar@allt.is**
**Sími: 560 5512**

**ALLT fasteignasala**
**Þverholti 2  Mosfellsbæ**
**Sími 560 5505**
**allt@allt.is**
**allt.is**

### Viskumoli dagsins

Starf fasteignasala snýst ekki bara um kaup og sölu fasteigna. Starfið snýst líka um að vera fulltrúi bæði kaupanda og seljanda af heilindum og einlægni í leit að besta ávinningi fyrir báða aðila.

*Gunnlaugur Geir og Hilmar Þór í bandaríska flughernum • Lífið á herstöðvunum eins og í litlum smábæ*

# Úr Lágafellsskóla í bandaríska flugherinn

Bræðurnir Gunnlaugur Geir Júlíusson 30 ára og Hilmar Þór Björnsson 23 ára sem báðir eru Mosfellingar og gengu í Lágafellsskóla, hafa báðir gegnt herskyldu í bandaríska flughernum.

„Afi okkar í móðurætt var bandarískur hermaður en amma okkar var íslensk, þess vegna erum við með tvöfalt ríkisfang. Mamma okkar, Natacha Durham, er að mestu leyti alin upp á Íslandi en bróðir hennar flutti til Bandaríkjanna og fór í herinn. Við vorum báðir mjög heillaðir af þessum frænda okkar alla okkar barnæsku og hann átti mjög flottan feril í hernum," segir Gulli eins og hann er kallaður.



BRÆÐURNIR GULLI OG HILMAR





**Gengdi herskyldu í 6 ár**

„Þegar ég var 18 ára og vissi ekki alveg hvaða leið mig langaði að fara í lífinu þá bauð hann mér að koma til sín og bauðst til að hjálpa mér að komast inn í herinn," segir Gulli. „Það er heilmikið ferli að sækja um, maður þarf að taka alls kyns próf og standast miklar kröfur á mörgum sviðum. Það tók mig um 9 mánuði að komast inn. Ég valdi það að sækja um í herlögregluna hjá flughernum sem var það sama og frændi minn hafði gert á sínum tíma.

Ég byrjaði á að fara í eins konar grunnþjálfun og í framhaldinu í herskólann í San Antonio í Texas. Í framhaldi af því þá gegndi ég herskyldu í 6 ár, á þeim tíma fór ég tvisvar sinnum til Afganistan, til Katar og Þýskalands. En í rauninni þá fólst mitt starf í almennum öryggisstörfum, sjá um öryggi á herflugvöllum, öryggi varðandi kjarnorkuvopn og þess háttar.

Eftir þessi 6 ár í hernum fór ég í háskóla í afbrotafræði og hef unnið sem fangavörður með náminu," segir Gulli sem nýverið flutti heim eftir 12 ára búsetu í Bandaríkjunum.

**Býr á herstöð í Alaska**

Yngri bróðirinn, Hilmar, hafði bæði frænda sinn og bróður sem fyrirmynd að fara þessa leið í lífinu. Þegar hann var 20 ára flutti hann til bróður síns í Texas sem aðstoðaði hann svo við að komast inn í flugherinn. „Það tók mig rúmlega ár að komast inn og ferlið var svipað og hjá Gulla, ég byrjaði í grunnþjálfun í Texas en fór svo til Flórída í 4 mánuði í skóla þar fyrir starfið mitt.

Ég er flugvirki og sérsvið mitt er öll vinna utan á vélunum, öll blikkvinna og málun á orrustuþotunum. Það er mjög sérhæft starf og efnin sem við notum eru mörg og sérstök og gera það meðal annars að verkum að vélarnar koma ekki fram á radar.

Í framhaldi af því þá var ég sendur til Alaska þar sem ég kem til með að vera næstu tvö árin. Eftir það verð ég sendur á aðra herstöð annars staðar í heiminum, en ég skrifaði undir 6 ára samning hjá hernum," segir Hilmar sem veit ekki hvað hann gerir eftir þann tíma. Atvinnumöguleikarnir eru miklir eftir þessa reynslu.

**Eins og risastór fjölskylda**

Bræðurnir eru sammála um að þessi reynsla geri þá að betri mönnum en að lífið innan herstöðvanna sé ekki ólíkt lífi í smábæjum. „Í raun er þetta eins og að búa í litlum bæjum ekki ósvipað og Mosó. Þarna er allt til alls og fólk stundar sína vinnu og sinnir vinum og fjölskyldu. Mitt starf fólst í almennum lögreglustörfum og Hilmars starf í almennum flugvirkjastörfum. Það er sérstök menning innan hersins sem margir sækja í," segir Gulli.

„Ég er mjög ánægður með að hafa farið þessa leið, ég er búin að eignast marga góða vini og á eftir að búa að þessari reynslu alla ævi. Þetta er eins og að tilheyra risastórri fjölskyldu," segir Hilmar að lokum sem er í stuttri heimsókn á Íslandi.




# Jólahlaðborð

Fimmtudaga til laugardaga frá og með 18. nóvember



Mosfellingurinn **Arnór Daði** leikur ljúfa tóna.

**Gréta Salóme** ásamt hljómsveit 18, 19, 25. nóv og 2. des



Nánari upplýsingar á **blikbistro.is/jol**

***Forréttir***

*Laufabrauð - flatkökur*
*Sinnepssíld, karrýsíld, jólasíld og rúgbrauð*
*Villibráðapaté og rifsberjagel*
*Reyktur lax með Chantillysósu*
*Grafinn lax með sinnepssósu*
*Heitreykt önd og Jólasalat*

***Aðalréttir***

*Hangikjöt og uppstúfur*
*Purusteik með villisveppasósu*
*Kalkúnn með appelsínusósu*
*Lamb með púrtvínssósu*

***Meðlæti***

*Sætar kartöflur*
*Rauðkál*
*Waldorfsalat*
*Sykurbrúnaðar kartöflur*
*Rótargrænmeti*
*Grænar baunir*

***Eftirréttir***

*Ris a la mande með berjasósu*
*Súkkulaðimús með vanillusósu*
*Berja panna cotta*
*Ávextir ferskir*
*Þeyttur rjómi*

***Verð á mann 9.900 kr.***

## *Vegan hlaðborð*

***Forréttir***

*Falafel salat*
*Antipasta*
*Grænmetis paté*
*Fjölbreytt salöt*

***Aðalréttir***

*Blómkálswellington*
*Grænmetis moussaka*
*Hnetusteik*

***Eftirréttir***

*Vegan crème brulee*
*Vegan kaka*
*Vegan súkkulaðimús*
*Ris a la mande*

BLIK
BISTRO • GRILL

Æðarhöfða 36
(við golfvöllinn)

**Skráning á** www.blikbistro.is/jol, blikbistro@blikbistro.is eða í síma 566 8480

Hópapantanir berist í tölvupósti.
**VEGAN** réttir í hlaðborði.



*30 ára afmæli Ístex í Mosfellsbæ fagnað • Skapa verðmæti úr íslenskri ull • 30 nýjar prjónauppskriftir í metsölubók*

# Áhugi fyrir íslenskri ull fer sívaxandi

Afmælisveisla Ístex var haldin að Völuteigi þar sem margt var góðra gesta.

Íslenskur textíliðnaður hf. (Ístex hf.) var stofnað 15. október 1991 og á því 30 ára afmæli um þessar mundir. Ístex er ullarvinnslufyrirtæki sem vinnur að því að skapa sem mest verðmæti úr íslenskri ull. Hluthafar félagsins eru nú 2.485 talsins og flestir þeirra eða um 80% eru bændur eða eiga rætur í sauðfjárbúskap.

Fyrirtækið rekur ullarþvottarstöð á Blönduósi og spuna- og bandverksmiðju í Mosfellsbæ. Ullarvinnsla í Mosfellsbæ hefur staðið samfleytt frá árinu 1896, áður undir nafninu Álafoss.

**Handprjónaband úr íslenskri ull**

Ístex kaupir ull beint frá bændum en félagið þvær og meðhöndlar um 99% af allri íslenskri ull. Ístex miðar að því að lágmarka umhverfisáhrif sín. Þvegin ull frá Blönduósi er vottuð samkvæmt OEKO-TEX 100 staðli. Markmið Ístex er að framleiða hágæða vörur úr íslenskri ull fyrir þá sem kjósa náttúrulegar, sjálfbærar og umhverfisvænar vörur.

Ístex í Mosfellsbæ framleiðir handprjónaband úr íslenskri ull og má þar nefna Álafosslopa, Einband, Jöklalopa, Léttlopa og Plötulopa. Áhugi fyrir Lopa í prjónaskap er gríðalegur. Prjónarar tengjast sterkum böndum við land, sögu og þjóð, ásamt fjölbreyttri og spennandi prjónauppskriftaflóru.

Þessi markaður hefur vaxið ört undanfarin ár bæði hérlendis og erlendis, en um 60% af sölu Ístex fer fram erlendis. Svipaða sögu er að segja um aðrar vörur úr íslenskri ull eins og ullarteppi, Lopidraumur sængurnar og Lopiloft ullareinangrun í fatnað.

Ístex gaf út á afmælisdeginum bókina



KARLAKÓR KJALNESINGA UNDIR STJÓRN ÞÓRÐAR



HELGA BJÖRK TEKUR VIÐ FYRSTU AFMÆLISBÓKINNI Í MINNINGU GUÐJÓNS KRISTINSSONAR



PÉTUR OG ELSA

Lopi 41 með 30 nýjum prjónauppskriftum eftir Védísi Jónsdóttir. Bókin stefnir í það að verða metsölubók, en meira en 1.500 eintök seldust fyrstu vikuna.



ARI TEITSSON FYRRUM FORMAÐUR BÆNDASAMTAKANNA OG VEISLUSTJÓRINN GUÐNI ÁGÚSTSSON FYRRUM LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA



UNA OG GUÐRÚN VAKA



HREFNA VESTMANN OG BIGGI HARALDS






*Heimsljós helgina 12.-14. nóvember • Fjölbreytt dagskrá*

# Heilsuhátíð í Mosfellsbæ

Heilsuhátíðin Heimsljós fer fram í Lágafellsskóla helgina 12.-14. nóvember. Þar verður mikinn fróðleik að finna um allar hliðar heilsunnar, líkamlegar sem andlegar. Framkvæmdaaðilar hátíðarinnar eru þau Vigdís Steindórsdóttir og Guðmundur Konráðsson.

Boðið verður upp á fjölda fyrirlestra og kynninga. Hátíðin hefst í Lágafellskirkju með heilunarguðþjónustu. Svo verður mikil dagskrá í Lágafellsskóla á laugardeginum kl. 11-17 og á sunnudeginum kl. 11:00-18:30.

Nánari upplýsingar á www.heimsljos.is.



*Linda Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari*



*Vigdís Steinþórsdóttir skipuleggjandi*

# TRÍÓ

## MÁNAÐARINS

EIN STÓR PIZZA

# 1.990 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR

PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MEÐ APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

STÓR
-PIZZA-

3

ÞRJÁR PIZZUR AF
MATSEÐLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



MOSFELLSBÆR

HEILSUEFLANDI samfélag

## Lágafellslaug

# ILMSÁNA

## *öll fimmtudagskvöld í nóvember*

### Kl. 20:00-21:30



*Olíurnar sem við notum eru meðal annars rósaviður, rósmarín, piparmynta, eucalyptus, timian og fleiri góðir ilmir.*

Allt 100% hágæðailmkjarnaolíur.

Þeir sem vilja taka þátt láti vita af sér í afgreiðslunni við komuna.

**Lágafellslaug**
Opið virka daga: kl. 6:30-21:30.
Opið um helgar: kl. 08:00-19:00.

**Varmárlaug**
Opið virka daga: kl. 06:30-08:30 og 15.00-21:00.
Lau. kl. 08:00-17:00. Sun. kl. 08:00-16:00.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



30
ÁRA
AFMÆLISHÁTÍÐ
1991 – 2021

# Syngjandi glaðir í 30 ár

## *Afmælistónleikar Karlakórs Kjalnesinga*
## *Hallgrímskirkju 6. nóvember kl.16:00*

Sérstakir gestir:
**Bríet**

**Karlakórinn Hreimur**
Stjórnandi:
**Steinþór Þráinsson**

Organisti:
**Jónas Þórir Þórisson**

Stjórnandi:
**Þórður Sigurðarson**

Karlakór
Kjalnesinga
Stofnaður 1991




*Miðar hjá kórfélögum og á karlakor@karlakor.is*

*Miðaverð kr. 4.500*

# FRAM UNDAN Á
# BARION

SPORTIÐ í beinni

**Boltinn í beinni** - fylgstu með á Facebook og Instagram



— 2. NÓV. **BINGÓ FYRIR ELDRI BORGARA**

Félagsstarf eldri borgara og FaMos standa fyrir skemmtilegum viðburði. Bankastjóra-BINGÓ með Kalla bankastjóra, Úllu og Margréti á þriðjudag kl. 15.



— 6. NÓV. **TÓNLEIKAR NOSTAL**

Hljómsveitin Nostal leikur laugardagskvöld frá kl. 22. Fluttar verða margar af helstu perlum Uriah Heep, Deep Purple í bland við íslenska slagara og eigið efni. Bjarni Ómar söngur/gítar, Svavar H. bassi, Jón Karl píanó, Ragnar Z. trommur, Baldur Þ. rafgítar og Þröstur Leósson rafgítar. Frítt inn!



— 12. NÓV. **KAHOOT PUBQUIZ MEÐ STEINDA JR.**

PubQuiz með Steinda Jr. föstudagskvöldið 12. nóvember kl. 21:00. Þú svarar í símanum þínum. Tryggðu þér sæti á Barion.is (1.800 kr. og drykkur innifalinn)



— 13. NÓV. **KARMA BRIGADE LEIKUR FYRIR GESTI**

Hljómsveitin Karma Brigade stígur á stokk með glænýja plötu í farteskinu. Sveitina skipa Agla Bríet, Alexander Grybos, Hlynur Sævars, Jóhann Egill, Kári Hlyns og Steinunn Hildur. Frumsamið í bland við ábreiður. Frítt inn!



— 18. NÓV. **TÓNLEIKAR MEÐ JOGVAN OG FRIÐRIKI ÓMARI**

Félagarnir Jogvan Hansen og Friðrik Ómar enda tónleikaferðina Sveitalíf 2021 á Barion Mosó fimmtudagskvöldið 18. nóvember. Miðasala fer fram á Tix.is.



— 20. NÓV. **BLEK OG BYTTUR - SVEITABALL**

Danshljómsveitin Blek og Byttur leikur við hvern sinn fingur undir handleiðslu tónbóndans í Túnfæti, Þorkels Jóelssonar. Pússið dansskóna og takið daginn frá.

BARION_MOSO

ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | S. 456-4040 | WWW.BARION.IS | BARION@BARION.IS

BARION
Kahoot!
PUBQUIZ

# KAHOOT PUBQUIZ MEÐ STEINDA JR.

**FÖSTUDAGINN 12. NÓVEMBER KL. 21**
**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á BARION.IS**





## *Jólabjórinn* ER KOMINN Á KRANA!

# CARPACCIO BÖRGER

Nauta Carpaccio, japanskt mayo, karmeliseraðar pekanhnetur, klettasalat, rifinn parmesan ostur og basil pestó. Borið fram með sætkartöflufrönskum.

EINI SINNAR TEGUNDAR



ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 456 4040 | WWW.BARION.IS

BARION
MATBAR



## Listasalur Mosfellsbæjar

# Sextán kvenmálarar

Mikill fjöldi var við opnun sýningar Félags málandi kvenna í Listasal Mosfellsbæjar laugardaginn 16. október sl.

Sýningin nefnist Endurheimt(a)/Reclaim(ing) og þar eru verk eftir sextán meðlimi hópsins. Þetta er fyrsta sýning Félags málandi kvenna en hópurinn var stofnaður árið 2019 af konum sem þekkjast flestar í gegnum Listaháskóla Íslands.

Verkin eru mörg og fjölbreytt og mynda góða yfirsýn á málverkum listakvenna af þessari kynslóð. Sýningarstjórar eru Katerína Spathí og Þórhildur Tinna Sigurðardóttir. Síðasti sýningardagur er 12. nóvember.









Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is




N1 Vefverslun Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



**Cooper Discoverer Snow Claw**

Hannað fyrir krefjandi vetraraðstæður

Mjúk gúmmíblanda fyrir hámarksafköst við lágt hitastig

Afburðagott grip, neglanlegt

SWR og 3PMS merking



**Cooper Weather-Master WSC**

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður

Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur fyrir jeppa og jepplinga

Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar



**Cooper WM SA2+**

Míkróskorin óneglanleg vetrardekk

Afburða veggrip og stutt hemlunarvegalengd

Mjúk í akstri með góða vatnslosun

Notaðu N1 kortið

**Hjólbarðaþjónusta N1**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 | **Opið** | |
| Fellsmúla | 440-1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 | mán – fös | kl. 08-18 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 | laugardaga | kl. 09-13 |
| Ægisíðu | 440-1320 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 | **www.n1.is** | |
| | | Réttarhvammi Akureyri | 440-1433 | | |

N1 ALLA LEIÐ



# ERT ÞÚ MEÐ GÓÐA HUGMYND?

**Menningar- og nýsköpunarnefnd auglýsir eftir umsóknum um þróunar- og nýsköpunarviðurkenningu Mosfellsbæjar 2021**

Hér er tækifæri fyrir frumkvöðla, sem hafa hugmyndir um nýsköpun, til að koma verkefni sínu á framfæri. Viðurkenningin felst ekki eingöngu í þeirri athygli sem hún vekur heldur er einnig um að ræða fjárhagslegan styrk.

## HVERJIR GETA SÓTT UM?

- Íbúi með lögheimili í Mosfellsbæ.
- Einstaklingur eða fyrirtæki sem leggur fram þróunar- eða nýsköpunarhugmynd sem gagnast fyrirtækjum eða stofnunum í Mosfellsbæ, málefnum eða verkefnum sem tengjast Mosfellsbæ sérstaklega.

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. NÓVEMBER

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar þar sem einnig má finna nánari upplýsingar um forsendur og viðmið.

## UNGT FÓLK ER SÉRSTAKLEGA HVATT TIL AÐ SÆKJA UM!

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

**Bjarki Elías Bjarkar Kristjánsson** *gekk til liðs við Controlant með hugbúnað sinn sem nýttur er af stærstu lyfjafyrirtækjum í heimi*

# Mosfellskt hugvit sem nær í kringum hnöttinn

**Bjarki Elías Bjarkar Kristjánsson hefur starfað lengi í tæknigeiranum. Í dag leiðir hann ásamt öðrum samfélagslegt og mikilvægt verkefni hjá Controlant sem snýr að rauntímavöktun á flutningi Pfizer bóluefnisins á heimsvísu.**
**Bjarki hóf störf þar fyrir um ári síðan, fyrst sem ráðgjafi en færði sig svo alfarið með hugbúnað sinn sem hann hefur verið að þróa undanfarin ár en búnaðurinn er nú nýttur af stærstu lyfjafyrirtækjum í heimi.**




Bjarki Elías er fæddur í Reykjavík 18. september 1974. Foreldrar hans eru þau Björk Bjarkadóttir fyrrum verkefnastjóri í ferðaþjónustugeiranum og Kristján Friðriksson fyrrum verksmiðjustjóri.

Bjarki á tvær systur, Kristínu Sólveigu lækni f. 1972 og Sesselju óperusöngkonu f. 1970.

## Kjallarinn nýttist okkur vel

„Ég er alinn upp í Brekkutanganum en foreldrar mínir byggðu sér hús þar í kringum 1980 og þau búa þar enn. Það var vel rúmt um okkur þannig að kjallarinn var lengi vel stór geimur sem nýttist vel sem einhvers konar félagsmiðstöð fyrir okkur vinina.

Brekkutanginn var á þessum tíma í útjaðri bæjarins, heyskapur og folöld á túninu bak við hús sem náði alla leið til Reykjavíkur, þetta var góður staður til að alast upp.“

## Vorum oft nálægt því að hrapa niður

„Leirvogurinn og Úlfarsfellið voru mín leiksvæði fyrstu árin í Mosfellssveit og þar lenti ég í ýmsum ævintýrum. Ég var frekar uppátækjasamur krakki og gerði ýmislegt sem væri ekki vel séð í dag.

Um 7 ára aldurinn gerði ég margar misheppnaðar atlögur að því að komast gangandi yfir Leirvoginn á fjöru. Ég velti því stundum fyrir mér í dag þegar ég spila golf á Hlíðarvelli og lít yfir voginn hvort gúmmítútturnar mínar sé kannski þarna enn. Það hurfu nefnilega ófáar ofan í sandleðjuna í þessum ævintýraferðum.


Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is


Eitt af því sem ég stundaði með félaga mínum var að sækja egg úr hömrum Úlfarsfells sem við seldum svo á elliheimilinu. Ef til vill voru sum þeirra stropuð en þau seldust alltaf strax fyrir fúlgur fjár að því okkur fannst a.m.k. Ég hugsa reglulega til þess þegar ég keyri Vesturlandsveginn undir Úlfarsfellinu, hve oft við félagarnir vorum nálægt því að hrapa niður.

Ég þakka fyrir að mín börn hafi ekki fetað í þessi spor mín,“ segir Bjarki og hlær.

## Lenti í svörtu bókinni hans Birgis

„Ég byrjaði skólagöngu mína í Ísaksskóla en eftir að við fluttum í Mosfellssveitina þá fór ég í Varmárskóla. Ég naut mín vel þar en átti það til að lenda í „svörtu bókinni“ hans Birgis skólastjóra, eflaust allt vegna „misskilnings,“ segir Bjarki og brosir. „Ég hefði eflaust verið greindur sem ofvirkt barn í dag.

Ég hélt mér nokkurn veginn á mottunni í gaggó en komst þó að því að það væri ekkert sérlega vel séð að mæta á fjórhjóli í skólann. Sumarið eftir gagnfræðaskólann var ég messagutti á varðskipinu Tý, það var mikil lífsreynsla.

Ég stundaði handbolta með Aftureldingu og fyrsta árið mitt í meistaraflokki urðum við deildarmeistarar í 2. deild og komumst upp í 1. deild í fyrsta skipti í 37 ár, það var mikið ævintýri.“

## Gaf manni nýja sýn á lífið

„Ég var upphaflega ekkert sérlega spenntur fyrir bóknámi og var staðráðinn í að verða bakari en vegna hvatningar frá foreldrum mínum og Gylfa skólastjóra þá breytti ég um stefnu og fór í Verzlunarskólann.

Ég fór svo í verkfræði og uppgötvaði þá fyrir alvöru tækniheiminn og möguleikana sem hann bauð upp á og fann vel að þar átti ég heima. Ég náði þó að sameina viðskipta- og tölvunarfræði í HR en einnig tók ég hluta af grunnnáminu í Cork á Írlandi.

Á háskólaárunum starfaði ég á sumrin í lögreglunni. Afi minn heitinn, Bjarki Elíasson, hafði verið yfirlögregluþjónn og síðar skólastjóri lögregluskólans. Það var því sjálfgefið að kanna þennan starfsvettvang sem vissulega gaf manni nýja sýn á lífið og tilveruna.“



*Andri, Bjarki Elías, Helena Katrín, Ari Kristján, Lea Björk og Matthildur Birta.*

## Fluttum til Danmerkur

Bjarki Elías er kvæntur Helenu Katrínu Hjaltadóttur aðstoðarskólastjóra Dalskóla. Börn þeirra eru Andri f. 1997, Matthildur Birta f. 2001, Lea Björk f. 2006 og Ari Kristján f. 2009. Þau eiga eitt barnabarn.

Bjarki hefur verið iðinn að sinna fjölmörgum áhugamálum í gegnum tíðina en segist ekki vera mikið fyrir afslöppun. Þegar fjölskyldan fer á ströndina þá er hann yfirleitt í sjónum á meðan. Yfir vetrartímann spilar hann fótbolta og körfubolta í hverri viku.

> *Ég velti því stundum fyrir mér þegar ég spila golf á Hlíðarvelli og lít yfir voginn hvort gúmmítútturnar mínar séu kannski þarna enn.*

Fjölskyldan fer saman á skíði þegar tækifæri gefst en á sumrin hefur golfið tekið yfir, hann þakkar fyrir það að stór hluti fjölskyldunnar sé með honum í því sporti.

„Fyrir nokkrum árum tók ég Executive MBA gráðu við CBS í Kaupmannahöfn. Það var ævintýri sem fól í sér ferðir til Kaupmannahafnar aðra hverja helgi í tvö og hálft ár. Undir lok námsins fluttum við fjölskyldan út og dvöldum í borginni í nokkra mánuði.“

## Hef gaman af að leysa þrautir

„Frá því að ég útskrifaðist hef ég starfað við nýsköpun. Ég hef alltaf haft gaman af því að leysa þrautir og vil helst vinna að einhverju sem hefur ekki verið leyst áður.

Ég hóf starfsferil minn hjá verkfræðistofunni Hnit 1997 og hef því starfað í tæknigeiranum í rétt tæpan aldarfjórðung. Ég hef verið einstaklega heppinn með fjölbreytt viðfangsefni, ég náði að tvinna saman hugbúnaðarfræði við landupplýsingakerfi og staðsetningarháðar lausnir. Sem dæmi um viðfangsefni eru: Borgarvefsjá, fyrstu gagnvirku vefkortin á Íslandi, Sjónvarp Símans (IPTV), staðsetningareftirlitskerfi fyrir skip, bíla, þyrlur, flughermi, fólk og fleira til.“

## Núverandi verkefni er einstakt

„Eftir rúman áratug í tæknigeiranum þá skipti ég um gír og fór yfir í stjórnendaráðgjöf og var í því í 12 ár. Fyrst hjá Capacent en síðar stofnaði ég eigið fyrirtæki með góðum félögum. Mitt sérfræðisvið er svokölluð viðskiptagreind þar sem viðskiptafræðin og upplýsingatæknin mætast. Það má segja að starfsferillinn minn fram að þessu hafi verið að undirbúa mig undir núverandi verkefni sem er einstakt og algjör forréttindi að vinna við.

Síðastliðið haust barst mér símtal frá stjórnendum Conrolant sem hefur heldur betur dregið dilk á eftir sér. Ég fór fyrst inn í Controlant sem ráðgjafi en færði mig svo alfarið þangað með mínar tæknilausnir sem ég hef verið að þróa undanfarin ár. Ég er að taka þátt í ótrúlega gefandi og samfélagslegu mikilvægu verkefni sem snýr að rauntímaflutningi Pfizer bóluefnisins á heimsvísu þannig að mosfellska hugvitið nær nú í kringum hnöttinn.

Á þessu ári hefur Controlant vaxið úr því að vera 70 manna fyrirtæki í að verða 300 manna. Fyrirtækið vinnur í dag náið með alþjóðlegum lyfjafyrirtækjum, flutningsaðilum og matvælaframleiðendum í yfir 120 löndum svo framtíðin er björt,“ segir Bjarki að lokum er við kveðjumst.

## HIN HLIÐIN

**Sturta eða bað?** Sturta.
**Bestu kaup sem þú hefur gert?** Golfsettið fyrir Helenu.
**Hver myndi leika þig í bíómynd?** Mini-me, Ari sonur minn.
**Uppáhaldsveitingastaður?** Llama í Köben.
**Hvar lætur þú klippa þig?** Unique hár og spa.
**Fallegasti staður í Mosfellsbæ?** Útsýnið af tíunda teig á Hlíðavelli.
**Hvernig slakar þú best á?** Í pottinum úti á palli.
**Óvenjulegasta lífsreynslan?** Að fara 15 ára gamall á sjó, á varðskipið Tý.



Á EM LEIK Í PARÍS



MEÐ LÖGGUHÚFU FRÁ AFA



Í NÁMI Í SHANGHAI

*Myndir: Ruth Örnólfsdóttir, Anna Kristín Scheving og úr einkasafni.*




# Fagleg og heildstæð þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti

**MÁLMA** ENDURVINNSLAN

## Við kaupum brotamálm

| | |
|---|---|
| Millberry Kopar/Eir | ISK 550 á kg. |
| Brotajárn | ISK 8 á kg. |
| Kopar/Eir | ISK 500 á kg. |
| Brass/Messing | ISK 350 á kg. |
| Brons | ISK 350 á kg. |
| Kaplar | ISK 65 á kg. |
| Ryðfritt stál | ISK 110 á kg. |
| Ál | ISK 75 á kg. |
| Blý | ISK 110 á kg. |
| Zink | ISK 75 á kg. |
| Brotamálmur þungur í bræðslu | ISK 8 á kg. |
| Rafmótorar | ISK 50 á kg. |
| Offset prentplötur úr áli | ISK 120 á kg. |
| Tungsten | ISK 500 á kg. |
| Brotastál | ISK 8 á kg. |
| Stálstrengir | ISK 6 á kg. |
| Spennubreytar | ISK 50 á kg. |
| Hvarfakútar | Leitið tilboða |

**MÁLMA** ENDURVINNSLAN

**Flugumýri 12 270 Mosfellsbær Sími 519 9819**
**info@malma.is www.malma.is**



Valdimar Leó og Ingibjörg Bergrós hafa unnið gott starf

# Heiðruð á íþróttaþingi ÍSÍ

Mosfellingarnir Valdimar Leó og Beggó voru heiðruð á íþróttaþingi ÍSÍ sem haldið var þann 9. október.

Valdimar Leó var sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ og Beggó gerð að heiðursfélaga ÍSÍ.

**Valdimar Leó Friðriksson**

Valdimar á að baki áratugastarf í hreyfingunni. Hann byrjaði sem formaður Handknattleiksfélags Akraness 1983. Var síðan framkvæmdastjóri Ungmennasambands Eyjafjarðar 1993-1994 og fór þaðan til Aftureldingar. Í störfum fyrir Umf. Aftureldingu var hann framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar í þrjú ár. Hann tók við rekstri Tungubakka af bænum og var fyrsti vallarstjóri félagsins. Auk þess var hann knattspyrnudómari í 20 ár. Hann var framkvæmdastjóri aðalstjórnar Aftureldingar í 11 ár.

Valdimar Leó sat í stjórn UMSK í 23 ár, þar af í 20 ár sem formaður sambandsins. Hann á sæti í ýmsum nefndum á vegum UMFÍ og ÍSÍ og var kjörinn í stjórn ÍSÍ í maí síðastliðnum.

**Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir**

Ingibjörg Bergrós, eða Beggó, var kosin í varastjórn ÍSÍ árið 2002 og í framkvæmdastjórn árið 2011. Hún sat í fagráði Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ um árabil, hefur gegnt embætti formanns Kvennahlaupsnefndar ÍSÍ til margra ára og gerir enn, auk þess að stýra mörgum vinnuhópum ÍSÍ.

Ingibjörg Bergrós sat í aðalstjórn Umf. Aftureldingar í tíu ár, þar af 8 ár sem formaður. Ingibjörg Bergrós var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ árið 2017.



IÐKENDUR TAEKWONDODEILDARINNAR

# ÍSLANDSMEISTARAR Í POOMSAE

Taekwondodeild Aftureldingar vann Íslandsmeistaratitil í Poomsae sunnudaginn 10. október. Það voru 14 keppendur frá Aftureldingu sem tóku þátt og unnu þau 13 gull, 9 silfur og 4 brons. Keppt var í í einstaklings-, para- og hópa-poomsae ásamt freestyle sem telur ekki til stiga í keppninni. Frábær árangur hjá iðkendum og þjálfurum.

Sævar Baldur Lúðvíksson

# Norðurlandameistari með höggsverði

Sævar Baldur Lúðvíksson varð á dögunum Norðurlandameistari í skylmingum með höggsverði en hann sigraði alla sína andstæðinga á mótinu sem haldið var í Espoo í Finnlandi.

Þátttakendur á mótinu að þessu sinni voru um 600 í heildina en keppendur komu einnig frá Eystrasaltslöndunum. Keppt var með þremur tegundum sverða, það er lagsverð, stungusverð og höggsverð.

Ísland átti níu fulltrúa í Espoo sem allir kepptu með höggsverði. Frammistaða Íslendinganna var með ágætum og sigraði lið Íslendinganna glæsilega í liðakeppninni sem fram fór í gær.

Lið Íslands var þannig skipað: Sævar Baldur Lúðvíksson, Gunnar Egill Ágústsson, Emil Ísleifur Sumarliðason og Jakob Lars Kristmannsson.



SÆVAR BALDUR Í FINNLANDI



BJARKI, GUÐBJÖRG, RUTH OG ALEXANDER

Þjálfarar meistaraflokka í knattspyrnu framlengja samninga

# Stýra Aftureldingu áfram

Afturelding hefur náð samkomulagi við bæði þjálfara meistaraflokks kvenna og karla um áframhaldandi starf.

Alexander Aron, Bjarki Már og Ruth Þórðar stýra stelpunum og Magnús Már og Enes verða áfram með strákana.



MAGGI, GÍSLI OG ENES



HLUTI KEPPENDA

# Vel heppnað innanfélagsmót

Laugardaginn 23. október fór fram innanfélagsmót sem unglingaráð taekwondodeildarinnar sá um. Á mótinu var keppt bæði í poomsae og sparring. Margir voru að stíga sín fyrstu skref í að keppa og var gaman að sjá hvað öllum gekk vel. Stjórn deildarinnar vill þakka unglingaráðinu fyrir flott skipulag og hlakkar til að sjá næsta mót.

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKO SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Líkami og sál
Snyrti, nudd og fòtaaðgerðastofa

## Líkami og sál auglýsir herbergi til leigu

• Herbergið er bjart með opnanlegum glugga og með vaski

• Stofan er í góðum rekstri með flottan og tryggan kúnnahóp. Á stofunnni starfa tveir fótaaðgerðafræðingar, naglafræðingur og sérfræðingur í varanlegri förðun (tattú)

• Herbergið hentar sérlega vel fyrir snyrtifræðing eða nuddara

*Allar nánari upplýsingar veitir Jóna Björg eigandi stofunnar í síma 899-6499 eftir klukkan 17 á daginn. Eða á netfanginu likamiogsal@likamiogsal.is*

## ARISTÓ HÁRSTOFA 18 ÁRA

Í tilefni af því bjóðum við upp á **25-50% afslátt** af Moroccanoil, Sebastian, Wella, Eleven og Davines dagana 1.-3. nóvember.

**Hlökkum til að sjá ykkur!**
*Inga Lilja, Guðrún, Íris, Hanna og Dóra*

ARISTÓ hárstofa
Háholt 14 S: 566 8989

# TAKK FYRIR STUÐNINGINN

ALLT Fasteignasala | World Class Iceland | ÍSTAK | nettó | Holda Kalkúnn | MOSFELLINGUR | Byggingafélagið BAKKI | ALEFLI ehf Byggingaverktakar

SLEGGJAN | BARION Matbar | 900 | ALMA

**MEISTARAFLOKKUR KVENNA Í HANDKNATTLEIK**



Mosfellsbakarí | G3 Merkingar | JAKO Sport Ísland | FAGEFNI Múrefni · Vínylparket | KRAFT AFL Málningar verktaki | MALBIKSTÖÐIN

novis | Vélsmiðjan Sveinn ehf – stálharðir í 25 ár! | VGH Mosfellsbæ – Það sem til þarf | Pure Deli | ÖRYGGISGIRÐINGAR | Fasteignasala Mosfellsbæjar

Fossálar | B.Ó. SMIÐIR | K.O.Verk 695 0825 | maria nila Stockholm | UNBROKEN | TOYOTA | FLUTNINGAÞJÓNUSTAN | Kiwanis



# Kyrlátt í Kvosinni

Álafosskvosin skartar hér sínu fegursta eins og svo oft. Þessa haustmynd tók Sigríður Wöhler á dögunum.



Mosfellsbær, Garðabær og Hafnarfjörður í samstarfi

# Vinna að og þróa mat á innra starfi leikskóla

Leikskólar í Mosfellsbæ, Garðabæ og Hafnarfirði hafa tekið höndum saman með Menntavísindasviði Háskóla Íslands um að vinna að og þróa mat á innra starfi leikskóla.

Í skilgreiningu á gæðum í leikskólastarfi þarf að huga að því sem við viljum fyrir börnin okkar og hvernig við skilgreinum gott líf. Skilgreining á gæðum og gæðaviðmiðum er mikilvægur þáttur í sameiginlegu þróunarverkefni leikskólanna.

Mat á leikskólastarfi er ætlað að leggja faglegan grundvöll að starfinu, styðja við skólaþróun og sýna með gögnum hvernig gæðaviðmiðum er náð.

**Hugmyndir um lærdómssamfélag**

Byggir verkefnið á hugmyndum um lærdómssamfélag jafningja þar sem skapaður er vettvangur fyrir stjórnendur leikskólanna fyrir samtal um framkvæmd mats og gerð umbótaáætlana og eftirfylgd með þeim.

Stjórnendur leikskólanna hafa unnið að gerð innra mats sem er gagnlegt að deila með öðrum stjórnendum, skiptast á skoðunum og ígrunda hvernig staðið er að innra mati í leikskólunum. Gert er ráð fyrir því að stjórnendur hittist mánaðarlega og á milli funda vinna þeir verkefni með samstarfsfólki sem allir miða að því að móta kerfisbundið innra mat hvers leikskóla.

Skilgreindir verða verkþættir sem leiða munu verkefnið með áherslu á ákveðna afmarkaða þætti innra mats með það fyrir augum að mat verði samþætt öðru starfi leikskólans.

**Gagnabanki með matsaðferðum**

Áætlað er að mynda gagnabanka með matsaðferðum sem falla vel að leikskólastarfi og lýðræðislegri þátttöku starfsfólks, barna og foreldra og þá með sérstaka áherslu á matsaðferðir sem henta börnum.

Gert er ráð fyrir að innra mat á leikskólastarfi stuðli að aukinni þekkingu og skólaþróun innan leikskólastigsins. Slík þekking og þróun eykur á merkingarbærni leikskólans sem fyrsta skólastigsins.







**ATHUGIÐ**
Sunnudaginn 31. október verðum við í íþróttahúsinu að Lágafelli og innisundlauginni

**HALLOWEEN-ÞEMA**

# FJÖLSKYLDUTÍMAR

## Í ÍÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**




# ALLA SUNNUDAGA
# KL. 10:30 - 12:00

Í fjölskyldutímunum að Varmá nýtur fjölskyldan samverunnar í íþróttum og leikjum.



**Leiðbeinendur:**
Þorbjörg Sólbjartsdóttir, Árni Freyr Einarsson,
Íris Dögg Gunnarsdóttir og Ólafur Snorri Rafnsson.

**Leikir - íþróttir - boltar - borðtennis - badminton - fimleikar og margt fleira**

MOSFELLSBÆR

facebook Fjölskyldutímar Varmá Mosfellsbæ

HEILSUEFLANDI samfélag




# Fimm leiðir í átt að vellíðan!



Langt síðan síðast, Berta hér að skrifa. Það er frábært að sjá hvað Mosfellingar eru duglegir að hreyfa sig. Þar sem ég brenn fyrir því að miðla því hvað veitir okkur vellíðan þá langaði mig að deila með ykkur fimm leiðum sem eru byggðar á rannsóknum í átt að aukinni vellíðan.

Eflaust vita margir af þessum leiðum en það er hollt og gott að minna sig á!

**1. Mynda tengsl**

- Við höfum þörf fyrir að mynda tengsl við fólkið í kringum okkur. Hvort sem það er fjölskyldan, vinir, vinnufélagar eða nágrannar. Það getur aukið hamingjuna að bjóða góðan daginn og brosa til náungans.

**2. Að hreyfa sig**

- Öll hreyfing er af hinu góða, hvort sem það er göngutúr, að rækta garðinn, dansa eða mæta í ræktina. Með því að æfa með hóp af fólki eða vinum þá aukum við líkurnar á því að við hreyfum okkur oftar.

**3. Að taka eftir**

- Höldum áfram að vera forvitin, tökum eftir því hvernig umhverfið breytist þegar veturinn skellur á. Verum vakandi fyrir því hvað er að gerast í kringum okkur og hvernig okkur líður.

**4. Að prófa nýja hluti og skora á okkur sjálf**

- Prófum að fara nýja leið í vinnuna, skráum okkur á nýtt námskeið eða ef til vill breytum okkar hefðbundnum venjum eins og að setjast á nýjan stað við matarborðið. Það getur verið skemmtilegt að prófa nýja hluti og enn fremur getur það leitt til jákvæðra áhrifa á vellíðan okkar og sjálfstraust.

**5. Gefum af okkur**

- Að gefa af sér þarf ekki að kosta neitt. Í einföldustu mynd getur það verið að brosa til náungans, segja eitthvað fallegt við vini okkar, sýna þakklæti eða gefa af tíma okkar. Það getur jafnframt verið gott að muna eftir því að vera góður við sjálfan sig og hrósa sér af og til.

Rannsóknir sýna að lítilsháttar aukning á vellíðan getur hjálpað okkur að blómstra í lífinu og það að gefa þessum þáttum gaum getur styrkt okkur í þeirri vegferð.

Að lokum má ég til með að segja ykkur frá námskeiði sem ég mun leiða í World Class Mosfellsbæ, sem heitir Súperform! Þar munum við styrkja tengslabönd okkar með því að æfa saman í hóp, skorum á okkur með því að prófa nýja hluti og styrkjum sjálfstraust okkar.

Þetta er 6 vikna námskeið sem hefst þann 1. nóvember næstkomandi.

Æfingar fara fram á mánu-, miðviku- og föstudögum kl. 17:30. Föstudagstíminn mun fara fram í heitum sal og er í mýkri kantinum þar sem hann er tileinkaður sjálfsumhyggju.

Ef þetta er eitthvað sem heillar þig þá er hægt að skrá sig á námskeiðið hjá World Class.

*Hvatningarkveðja,*
*Berta Þórhalladóttir*






Kiwanis

*Kiwanis á Íslandi kynnir:*

# HVATNINGARDAGAR

## KIWANIS

## 16.-18. NÓVEMBER

**STJÓRNMÁL » HREYFING » LISTIR » MENNTUN » LÍFSGÆÐI**

World Class og Elding líkamsrækt verða
opin 9. og 10. bekkingum í Mosfellsbæ þessa daga.

**Íþróttamiðstöðin að Varmá kl. 15:30-16:30**
Einnig Crossfit, hnefaleikar, fimleikar, frjálsar íþróttir, ólympískar lyftingar.

**Íþróttamiðstöðinni að Varmá kl. 16:30**
Fyrirlesarar: Bubbi Morthens, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra,
Júlían J. K. Jóhannsson íþróttamaður ársins.

**FRÍR AÐGANGUR**

World Class ICELAND

ELDING líkamsrækt





Ljósmynd tekin frá tjaldstæði Mosfellsbæjar yfir í átt að Esjunni.

# Skipulag og andmæli til heimabrúks



Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, þ.e. á fundi skipulagsnefndar nr. 453 þann 19. janúar 2018, var samþykkt harðorð bókun um áform Reykjavíkurborgar að koma fyrir mengandi iðnaði á Esjumelum.

Fund þennan sátu: Bryndís Haraldsdóttir, Bjarki Bjarnason, Theódór Kristjánsson, Samson Bjarnar Harðarson, Júlía Margrét Jónsdóttir og Gunnlaugur Johnson sem áheyrnarfulltrúi. Að auki sat Ólafur Melsteð skipulagsfulltrúi fundinn sem staldraði reyndar stutt við sem starfsmaður Mosfellsbæjar og starfar nú á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar sem verkefnastjóri skipulagsfulltrúa.

Í bókun nefndarinnar segir m.a.: ,,Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðrar stækkunar á athafnasvæði á Esjumelum norðan við Leirvogsá. Nefndin mótmælir því ef koma skal mengandi iðnaður með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa í Mosfellsbæ og nágrenni. Slík starfsemi væri ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur því svæðið er skipulagt sem athafnasvæði en ekki iðnaðarsvæði.“

Í bókun nefndarinnar er svo m.a. minnst á áformaða moltugerð, Leirvogsá sem dýrmæta laxveiðiá og útivistarperlu. Það er því greinilegt að nefndarmönnum var mikið niðri fyrir enda stutt í kosningar.

Á bæjarstjórnarfundi númer 709 var þessi dagskrárliður samþykktur með öllum atkvæðum bæjarstjórnarmanna, þ.e. með 9 atkvæðum. Þann bæjarstjórnarfund sátu: Bjarki Bjarnason, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Haraldur Sverrisson, Hafsteinn Pálsson, Theódór Kristjánsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Ólafur Ingi Óskarsson og Sigrún H. Pálsdóttir ásamt fundarritaranum Arnari Jónssyni. Því er greinilegt að mikil samstaða var um að mótmæla þessum áformum Reykjavíkurborgar harðlega.

Á síðari fundi skipulagsnefndar númer 457 þann 16. mars 2018 sátu allir sem sátu á fyrrnefndum fundi. Þar voru teknir fyrir og samþykktir dagskrárliðirnir nr. 3 um aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 um breytta afmörkun landnotkunar, og nr. 4 einnig um aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 en sérstaklega um iðnað og aðra landfreka starfsemi sem nefndin gerði réttilega athugasemd við. Það er í góðum takti við harðorða bókun nefndarinnar á 453. fundi nefndarinnar frá því í janúar.

Á fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (SSH) 2. mars 2018, sem Bryndís Haraldsdóttir sat fyrir hönd Mosfellsbæjar, var þrátt fyrir allt samþykkt undir 5. dagskrárlið áform Reykjavíkurborgar um „endurskilgreiningu landnotkunarheimilda á einstökum“ atvinnusvæðum og engin athugasemd gerð um það af hálfu fulltrúa Mosfellsbæjar, síður en svo. Bókun nefndarinnar er eftirfarandi: „Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við verklýsinguna enda verði horft til greiningar svæðisskipulagsnefndar um landþörf iðnaðar- og athafnasvæða á höfuðborgarsvæðinu öllu. Mikilvægt er að viðhafa gott samstarf allra sveitarfélaganna þegar kemur að staðsetningu á starfsemi sem hefur ónæði í för með sér.“

Gufuðu andmælin öll upp? Síðar á 83. fundi svæðisskipulagsnefndarinnar 4. maí 2018 var tekin fyrir 2. dagskrárliður þar sem fulltrúi VSÓ kynnti frumniðurstöður úttektar á athafna- og iðnaðarsvæðum innan vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins. Ekki er annað séð á bókun nefndarinnar í heild sinni, þar sem 2 fulltrúar Mosfellsbæjar sátu rétt fyrir kjördag, að kynningunni og áformunum hafi verið fagnað.

Nú er svo komið að ágætt fyrirtæki, sem vissulega gætir sinna hagsmuna, hefur reist malbikunarstöð á Esjumelum. Markmiðið var að um væri að ræða mengunarlausa stöð þar sem illa nýtt metan frá Sorpu gerði stöðina grænni en hún annars yrði. Fregnir herma að enn hafi ekkert orðið úr þeim áformum þar sem Sorpa getur ekki afhent með góðu móti nægt metan í því magni sem til þarf svo þurrka megi fylliefnið í malbikið án þess að dregið sé úr afköstum.

Eftir stendur fyrir okkur Mosfellinga að útsýnið er orðið allt annað „þökk“ sé mótmælum meirihlutans í bæjarstjórn o.fl. Svo virðist sem gufan hafi hér stigið mönnum til höfuðs.

*Sveinn Óskar Sigurðsson, fulltrúi Miðflokksins í bæjarráði og bæjarstjórn Mosfellsbæjar og á sæti í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins (SSH) fyrir Mosfellsbæ.*



Deiliskipulag 5. áfanga Helgafellshverfis sem er í auglýsingu.

# Helgafellshverfi í mikilli uppbyggingu





Uppbygging í Helgafellshverfi er komin vel á veg, fjöldi fólks er fluttur á svæðið og glæsilegur grunnskóli farinn að þjónusta nýja íbúa Mosfellsbæjar.

Hið stóra hverfi hefur að mestu byggst upp í samræmi við rammaskipulag sem samþykkt var af bæjarstjórn Mosfellsbæjar árið 2005. Fyrsti áfangi var miðsvæði hverfisins sem jafnan nefndist „Augað“. Þar er vönduð og þétt byggð næst þjónustunni. Síðan hafa tveir vel heppnaðir áfangar fullbyggst í kjölfarið, 2. og 3. áfangi.

Framkvæmdir í 4. áfanga Helgafellshverfis hófust árið 2020 og er það Byggingafélagið Bakki ehf. sem sér um uppbygginguna á því svæði. Byggðarmynstur 4. áfanga einkennist helst af sérbýli bæði sem einbýli og raðhús en einnig verður úrval eigna í smærri tveggja og þriggja hæða fjölbýlishúsum.

Á fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar þann 21. október sl. var samþykkt að setja í auglýsingu deiliskipulag fyrir 5. áfanga Helgafellshverfis. Í 5. áfanga er gert ráð fyrir að verði um 150 íbúðareiningar, mestmegnis einbýlis-, par- og raðhús. Auk þess verða nokkur lágreist tveggja hæða fjölbýli neðst í áfanganum. Þannig njóta allar lóðir útsýnis og sólarátta. Síðan er svo gert ráð fyrir í skipulaginu lóð undir 5 íbúða búsetukjarna fyrir fólk með fötlun. Hönnun skipulagsins hefur tekist einstaklega vel og þá sérstaklega að laga það vel að umhverfinu í kring. Það er því óhætt að segja að 4. og 5. áfangi Helgafellshverfis verði mjög góð viðbót við það glæsilega hverfi sem hefur verið að byggjast upp í suðurhlíðum Helgafells.

Markmið deiliskipulags hverfisins eru meðal annars að móta byggð sem sé til þess fallin að stuðla að góðu mannlífi, tryggja góð tengsl við umhverfið og gott fyrirkomulag stíga, gatna og opinna svæða. Byggð mun auk þess stuðla að góðri skjólmyndun fyrir svæðið í heild. Gata hins nýja áfanga mun bera heitið Úugata, eftir persónunni Úu úr bókinni Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness.

Mosfellsbær er eigandi þessa landskika og mun því sveitarfélagið annast úthlutun nýrra lóða á næsta ári. Það þykir frekar sjaldgæft því eins og margir vita er mikið land innan landamerkja Mosfellsbæjar í einkaeigu.

**6. áfangi næstur í röðinni**

Uppbygging mun svo halda áfram og því hefur verið ákveðið að auglýsa skipulagslýsingu fyrir 6. áfanga Helgafellshverfis. Um er að ræða nyrsta hluta hverfisins fyrir norðan Ásahverfið og er þar gert ráð fyrir 90 nýjum sérbýliseignum.

Auk ofangreindra áfanga er svokölluð Helgafellstorfa á skipulagi Helgafellshverfisins, en það er svæði í kringum Helgafellsbæina gömlu. Þar er gert ráð fyrir byggð í framtíðinni.

Í framhaldi af nýbyggðum glæsilegum Helgafellsskóla þar sem er bæði grunn- og leikskóli, hefur verið ákveðið að byggja annan leikskóla í hverfinu. Áætlað er að hann verði svo tilbúinn árið 2023. Verða þessar frábæru byggingar barna og ungmenna hjarta hverfisins.

Það er ánægjulegt að geta aukið framboð lóða fyrir íbúðahúsnæði í Mosfellsbæ. Þetta fallega hverfi er með frábæra staðsetningu, sérstaklega fjölbreytt og fallegt, þar sem stutt er í náttúru Mosfellsbæjar, góðar gönguleiðir, skóla og aðra þjónustu.

*Ásgeir Sveinsson formaður bæjarráðs og skipulagsnefndar. Helga Jóhannesdóttir nefndarmaður í skipulagsnefnd.*




*Ævaforn kirkjuklukka í Mosfellskirkju frá frumkristni á Íslandi*

# Forn klukkuómur frá 9. öld í Mosfellsdalnum



Mosfellsdalurinn hefur verið sögusvið merkra atburða sem tengjast kristninni, allt frá kristnitökunni á Íslandi er Grímur Svertingjason lögsögumaður að Mosfelli er skírður, þegar kristnin var lögtekin á Alþingi, en hann var giftur Þórdísi Þórólfsdóttir bróður- og stjúpdóttur Egils Skallagrímssonar, lét Grímur fljótlega reisa kirkju að Hrísbrú um 1001-1002, en sú kirkja er síðan ofan tekin að Hrísbrú, er Grímur hafði látið gera og kirkja reist að Mosfelli, lætur Þórdís þá flytja Egil Skallagrímsson til kirkju að Mosfelli.

Hundrað og tuttugu árum fyrr verður atburður, sem átti eftir að tengja sögu kirkjunnar á Mosfelli við landnámsmanninn Örlyg Hrappsson, sem nemur land í landnámi Helga Bjólu Ketilssonar frænda síns, sem gefur honum land milli Mógilsár og Ósvífslækjar á Kjalarnesi um 880, reisir hann þar kirkju kennda við Esjuberg, hefst þá sagan sem tengir kirkjuna kennda við Esjuberg frá um 880 og kirkjuna á Mosfelli um 1523.

Landnámsmaðurinn Örlygur Hrappsson kemur til Ísland frá Iona á Suðureyjum við vesturströnd Skotlands, en áður ákveður hann þó að mennta sig í hinum virta klausturskóla Kólumba á Iona, ásamt Kolli fóstbróður sínum, en frá árinu 865 var klaustrið á Iona á suðureyjum við vesturströnd Skotlands, nefnilega undir stjórn ábóta sem hét Federach mac Cormaic, hann leggur honum til kirkjuviðinn til að reisa kirkjuna kennda við Esjuberg; gullpening, vígða mold til að leggja undir hornstafi kirkjunnar, plenarium (írska messubók) og járnklukku vígða, en járnklukkan góða, er sú sem vefur saman söguþráð kirkjunnar sem kennd er við Esjuberg og kirkjunnar á Mosfelli.

Járnklukkan góða er sú sama sem Halldór Kiljan Laxness skrifar um í Innansveitarkroniku bls 179–180, er hann lýsir kirkjuklukkunni (járnklukkunni) sem kom úr Mosfellskirkju eldri (1852-1888) og segir m.a :

Ramböldin eru fest ofan í klukkuhöfuðið með digrum koparlykkjum og mynda sexálma krónu (6-skipta) er klukkan hrjúf áferðar; hvorki kólfur né króna steypt, aðeins óvandlega hamrað.

Skrautrendur tvær sem ganga kringum bumbuna (krónuna), uppi og niðri í meira lagi skakkar, gerðar í mótið fríhendis eftir auganu.

Fróðleg væri að vita hvar svona klukka hafi verið steypt síðan fyrir árið 1000, en að dómi fornleifafræðinga virðist hún vera frá níundu öld, var klukkan fest upp í kórnum vinstra megin við altarið í þessari nýju kirkju á Mosfelli vígð 4. apríl 1965.

„Það er eingin efi á því að þessi klukka geymir hljóm síðan úr fornöld.



*Járnklukkan vinstra megin við altarið í nýju Mosfellskirkjunni, vígð 4. apríl 1965.*

Tónn hennar er mikill í sér, lángur og skær og dvín titrandi.

Presturinn sagðist ætla að hríngja henni sjálfur við barnaskírnir af því hljómurinn í henni væri svo fallegur meðan hann væri að deyja út.“

Ferðalag kirkjuklukkunnar (járnklukkunnar) úr kirkjunni kenndri við Esjuberg um 1269-1275, hefst þegar Árni Þorláksson Skálholtsbiskup (1269-1298) tekur kirkjuklukkuna (járnklukkuna) um 1269, er hafði verið spillt af ryði, lét búa og líma öll blöðin í kjölinn, en eftir viðgerðina í Skálholti um 1275 fer kirkjuklukkan (járnklukkan) að Hofi á Kjalarnesi í hálf kirkjuna og er hún þar til um 1523, þegar Ögmundur Pálsson verður Skálholtsbiskup (1521-1541), færist þá kirkjuklukkan (járnklukkan) frá hálf kirkjunni að Hofi á Kjalarnesi í Mosfellskirkju frá um 1523, en hverfur þá af sjónarsviðinu, og verður aftur sýnileg, þegar hún birtist í klukkuturninum á Mosfellskirkju eldri (1852–1888).

Kirkjuklukkan (járnklukkan) hverfur síðan aftur af sjónarsviðinu 1888, er saga hennar þekkt úr Innansveitarkroniku Halldórs Kiljan Laxness, þar til hún birtist síðan aftur í nývígðri Mosfellskirkju 4. apríl 1965, þar sem hún er fest upp vinstra megin við altarið, en þarna er hún með sinn fornaldarhljóm frá 9. öld, sem óskilgetið barn, sem bíður þess að uppruni hennar verði sannaður, og telst þá vera elsta kirkjuklukka Íslands um 1150 ára.

*Björn Pétursson*





VERSLUM Í HEIMABYGGÐ


















## HEILSUMOLAR GAUA



### KR

KR hefur ekki verið mitt uppáhaldsíþróttafélag í gegnum tíðina. Það eru ýmsar og misgáfulegar ástæður fyrir því. En ég þekki marga ljómandi fína KR-inga, jú víst, þeir eru til og ég held að það sé mjög gaman að vera KR-ingur. Einfaldlega af því að það eru svo margir sem líta á þá sem andstæðinga númer eitt. Það getur ekki annað en gert KR-inga sterkari og aukið samheldni þeirra og samstöðu. En nóg um það, ég er ekki orðinn KR-ingur og verð það aldrei.

Ástæðan fyrir því að ég er að ræða þetta fornfræga félag í málgagni okkar Mosfellinga, er nýtt skipulag á KR-svæðinu sem var kynnt fyrir stuttu. Framtíðarsýnin í Vesturbænum er að tengja saman íþróttastarfsemi, íbúabyggð og ýmiss konar þjónustu við íbúa. Myndir segja oft meira en orð og myndin af framtíðarsvæði KR er einmitt þannig mynd. Mann langar næstum því að flytja í Vesturbæinn og gerast KR-ingur, næstum því ...

Íþróttir og íþróttastarfsemi er ekki bara sprikl og læti. Í stórmerkilegri og nýútkominni bók Ágústar Einarssonar, Íþróttir hérlendis í alþjóðlegu samhengi, kemur fram að áhrif íþrótta til verðmætasköpunar á Íslandi sé um 4%, sem er umtalsvert. Framlag sjávarútvegs til verðmætasköpunar er í samanburði á bilinu 20% til 25%. Inni í þessum tölum er hvorki tekið tillit til forvarnahlutverks íþrótta né sjálfboðaliðastarfs. Íþróttir skipta okkur þannig öll máli, hvort sem við stundum þær reglulega eða ekki.

Það er stutt í sveitastjórnarkosningar. Hvernig væri að stofna nýtt afl, Íþróttaflokkinn, sem hefði það meginhlutverk að koma íþróttum inn í framtíðarskipulag Mosfellsbæjar á kröftugan hátt og þannig að eftir væri tekið? Ég sé fyrir mér Íþróttabæinn Mosfellsbæ með íþróttaþorp miðsvæðis og vel skipulögð íþróttasvæði í öllum hverfum. Allt tengt íbúðahúsnæði og þjónustu á einhvern hátt. Svona eins og vinir okkar í KR eru að stefna að. **Áfram Afturelding!**




**Guðjón Svansson**
gudjon@kettlebells.is



Fasteignasala Mosfellsbæjar
www.fastmos.is








*Bærinn stækkar og börnum fjölgar*

# Menntastefna Mosfellsbæjar í mótun



Umhyggja og vellíðan eru orð sem heyrðust á skólaþinginu sem haldið var í Helgafellsskóla þann 11. október síðastliðinn. Þar sátu fulltrúar foreldra og lögðu fram sínar hugmyndir í vinnu við endurskoðaða menntastefnu Mosfellsbæjar. Fyrr þennan sama dag höfðu nemendur og kennarar sagt sínar skoðanir og lagt sitt af mörkum við mótun stefnunnar.

Stefnan sem nú er í mótun byggist á Skólastefnu Mosfellsbæjar frá 2010 en sú stefna gaf nýjan og metnaðarfullan tón þar sem raddir barna voru í hávegum hafðar. Þar sýndi Mosfellsbær mikið frumkvæði. Stefnan er einnig, líkt og aðrar stefnur sem gerðar hafa verið, byggð á heildarstefnumótun Mosfellsbæjar þar sem mótuð var framtíðarsýn og áherslur fyrir sveitarfélagið.

Bærinn hefur stækkað og börnum fjölgað og mikilvægt að sem flestir komi að gerð stefnunnar því þannig náum við sátt um hverjar áherslurnar eiga að vera í skólastarfi í okkar bæ. Þann 6. nóvember verður haldið íbúaþing í Helgafellsskóla í Mosfellsbæ og hvetja bæjaryfirvöld Mosfellinga til þátttöku á þinginu.

**Fulltrúi frá hverjum skóla**

Vinna við stefnuna hófst í maí sl. og á stefnan, samkvæmt áætlun, að verða tilbúin til útgáfu og innleiðingar í byrjun árs 2022. Öll vinna og utanumhald um nýja menntastefnu er í höndum verkefnateymis og Ragnheiðar Agnarsdóttur ráðgjafa. Í verkefnateyminu eru fulltrúar frá hverjum skóla bæjarins ásamt fulltrúa frá frístundaseli.

**Stöðug þróun**

Þótt skólar séu í eðli sínu íhaldssamar stofnanir er stöðug þróun í gangi og sífellt verið að skoða hvernig mæta megi börnum betur í skóla fjölbreytileikans. Til að hefja þessa endurskoðun á menntastefnu voru lagðar fram nokkrar spurningar til umræðu og má nefna; hver eru og verða okkar meginviðfangsefni næstu 3-5 árin? Hvernig ætlum við að mæta áskorunum? Hver eiga gildi skólastarfs að vera? Hver eru markmið skólastarfsins? Hvernig getum við lagt mælikvarða á árangur daglegs starfs? Hvernig birtum við og miðlum mælikvörðum? Hvernig tölum við meira um það sem vel er gert? Getum við sýnt meiri samstöðu þegar upp koma áskoranir í skólastarfinu? Hver er sérstaða skólastarfs í Mosfellsbæ?

Þetta eru mikilvægar spurningar og er ég sannfærð um að við náum góðri sátt um hvert við stefnum í fræðslumálum í Mosfellsbæ.

**Fræðslumál í forgangi**

Nú í tíð Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna hafa skólamálin ávallt verið í forgangi. Fyrir utan vinnu við menntastefnuna eru ótal mörg verkefni á dagskrá. Í kjölfar mikillar fjölgunar íbúa í bæjarfélaginu á síðastliðnum árum hefur verið byggður nýr grunnskóli í Helgafelli og á næsta ári verður byggður nýr leikskóli í sama hverfi.

Eins árs gömul börn er okkar nýi árgangur á ungbarnadeildum sem hefur kallað á miklar breytingar á leikskóladeildum og leikskólalóðum. Má nefna að leikskólinn Hlíð er nú eingöngu ungbarnaleikskóli en þar fer fram gríðarlega faglegt og fallegt starf með okkar yngsta fólki. Einnig má nefna átak í upplýsingatæknimálum og síðast ekki síst miklar endurbætur á skólahúsnæði og íþróttamiðstöðvum svo eitthvað sé nefnt.

Meðfylgjandi eru töflur sem sýna fjölgun leik- og grunnskólabarna sl. 10 ár. Þetta eru okkar mikilvægustu verkefni og verða áfram.

*Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar*



*Í Hveragerði. Þorbjörg Friðriksdóttir (standandi), til hægri frá henni: Ósk Aradóttir, Aðalheiður Gústafsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Kristín Davíðsdóttir, Bryndís Hilmarsdóttir, Sonja Einarsdóttir, Kristjana Fannberg, Bryndís Ragnarsdóttir, Svanhvít Magnúsdóttir, Elísabet Eiríksdóttir, Elín Magnúsdóttir, Dagný Finnsdóttir og Sólveig Garðarsdóttir.*




*Inntaka nýs félaga. Sólveig Garðarsdóttir, meðmælandi hennar Halldóra K. Halldórsdóttir og formaður Úu, Aðalheiður Gústafsdóttir.*

# Lionsklúbburinn Úa í skemmtiferð

Úur fóru í velheppnaða dagsferð 2. október. Var mikil gleði og kátína að geta loksins gert okkur glaðan dag saman.

Til Hveragerðis héldum við en þar búa tvær Úur og áttum við heimboð með flottum veitingum hjá annarri þeirra. Þegar rútan rann í hlað var heimiliskötturinn Blíðfinnur á undan gestgjafa og tók svo hlýlega á móti okkur. Sagt er að dýrin líkist gjarnan eigendum sínum, en þvílíkar móttökur og veitingar sem biðu okkar. Nýr félagi gekk í hópinn og fagnað var með annarri sem varð nýlega sextug.

Spákonan Anna Birta Lionaraki kom í heimsókn en hún kom okkur verulega á óvart með sinni snilld og breyttust tár í skellihlátur.

Haldið var á Listasafn Árnesinga þar sem listfræðingur safnsins tók á móti okkur. Sáum m.a. verk listakonunnar Rósku, Guðrúnar Gunnarsdóttur og Inger-Johanne Brautaset „Hafið kemst vel af án okkar“.

Næst var haldið á Selfoss á Nytjamarkaðinn þar sem Aron Hinriksson fræddi okkur um tilgang hans til ýmissa góðgerðarmála. Þar var hægt að kaupa ýmsa notaða muni sem koma m.a. frá dánarbúum eða öðrum sem vilja gefa. Síðan var rölt um nýja bæinn á Selfossi en þar var margt sem gladdi augað.

Til Flúða héldum við á eþíópískt veitingahús, fengum þar framandi og góðan mat. Hægt var að panta sérstakt eþíópískt kaffi með seremoníu sem varð að bíða betri tíma.

Sælar og kátar Úur héldu heim á leið með tilhlökkun í hjarta að hittast á klúbbfundi mánudaginn 4. október í Safnaðarheimili Lágafellssóknar kl. 19:00.

Kveðja, skemmtinefndin.

*Halldóra, Dagný, Elín, Bryndís Hilmars, Svanhvít og Tobba.*

## Stöðuuppfærslur – in your face



**Jón Jósef Bjarnason**
Notaðar gamlakallanærbuxur með bremsuförum í umboðssölu. tek 10% og sé um sendingu ásamt því að skrásetja kaupendur.
*19. okt.*



**Lárus Haukur Jónsson**
Er búin að sjá á stuttum tíma James Bond og níu líf Bubba, toppnum er náð og nú get ég dáið hamingjusamur!
*17. okt.*



**Jóhann Ingi Jónsson**
Fékk þann heiður að enda knattspyrnusumarið á að dæma bikarúrslitaleik karla í gær með algjörum fagmönnum sem hjálpuðu heldur betur við verkefnið. Leikurinn batt endahnút á eftirminnilegt og lærdómsríkt leiktímabil hjá mér persónulega.
Nú tekur við enn eitt undirbúningstímabil sem maður reynir að nýta til að mæta enn öflugri til leiks þegar grasið fer að grænka á ný.
*17. okt.*



**Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir**
Ég tel það forréttindi að búa eins nálægt náttúrunni og ég geri. Við Mosfellingar þurfum ekki að ganga nema 5 min. max til að vera kominn út í náttúruna, á fellin okkar eða skógana. Og það er ekki vegna þess að bærinn sé svona lítill heldur hversu vel hann er lagður að náttúrunni, fellunum og umhverfinu. Fór fyrstu ferð á Úlfarsfellið eftir að nýji útsýnispallurinn kom og fann svo í leiðinni nýja leið niður.
#hobbitagöngur
#daggalabbarlóuna
#þaðmáfaraafturogaftur
#úlfarsfelliðmitt
*24. okt.*



**Bjarnveig Höskuldsdóttir**
Mikið var gaman að koma aftur á söngæfingu eftir langa pásu í Kór eldriborgara í dag „Vorboðum" Og byrjuðum að æfa jólalag, eins gott að byrja nógu snemma. Takk fyrir góðann tíma
*25. okt.*


BílaGlerið
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612


SG VERK
Öll almenn smíði
Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
779-9760 Sumarliði / Gísli 779-9761

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

Sverrir Einarsson
ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

MG LÖGMENN
Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
Persónuleg þjónusta
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200
www.artpro.is

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

MÓTANDI
www.motandi.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

ÞJÓNUSTUAUGLÝSING Í MOSFELLINGI
KR. 5.000 + vsk.*
nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm
*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

## HEYRST HEFUR...

...að Árni Bragi og Sigdís hafi eignast sitt fyrsta barn á dögunum.

...að Lína í íþróttahúsinu og Tommi á Búllunni séu heitasta parið í dag.

...að byrjað sé að undirbúa Þorrablót Aftureldingar í íþróttahúsinu 22. janúar 2022.

...að íbúar Mosfellsbæjar séu nú orðnir 13.000 talsins.

...að leikfélagið sé að fara frumsýna Stúart litla 5. nóvember og er það þriðja tilraun leikfélagsins í Covid.

...að 12 ára Mosfellingur, Kristín Erla, fari með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Birtu sem brátt verður frumsýnd. Þá var hún á dögunum valin besta leikkonan á barnakvikmyndahátíð Evrópu.

...að Karlakór Kjalnesinga haldi upp á þrítugsafmælið sitt í Hallgrímskirkju 6. nóvember.

...að boðið verði upp á jólahlaðborð á Blik í aðdraganda jóla.

...að knattspyrnukappinn Jason Daði sé að fara á reynslu til AGF í Danmörku.

...að Heiðdís Hlyns sé að fara á kostum í Ófærð.

...að eldri borgarar haldi Bankastjórabingó með Kalla bankastjóra á Barion næsta þriðjudag kl. 15.

...að það sé tvíhöfði í handboltanum að Varmá í kvöld þegar stelpurnar mæta Fram og strákarnir Víkingi.

...að Auður Einars eigi afmæli í dag.

...að Jogvan sé orðinn fulltrúi dönsku lögreglunnar í Ófærð.

...að Sveppi krull verði veislustjóri á kótilettukvöldi handboltans á föstudagskvöldið.

...að bókmenntakvöldið vinsæla á Bókasafninu verði haldið fimmtudagskvöldið 18. nóvember.

...að óvenjustór hluti Mosfellinga sé á Tenerife í vetrarfríinu.

...að fresta þurfi tónleikum Jogvans og Friðriks Ómars sem fram áttu að fara í kvöld vegna Covid smits.

...að búið sé að velja Elvar Ásgeirs í landsliðshóp HSÍ fyrir komandi verkefni.

...að Aristó hárstofa sé að fara fagna 18 ára afmæli.

...að gamla handboltakempan Róbert Sighvatsson sé farinn að þjálfa Kórdrengina í handbolta.

...að Elvar rafvirki sé orðinn fimmtugur.

...að Steindi Jr. verði með PubQuiz á Barion föstudagskvöldið 12. nóvember.

...að verið sé að undirbúa handverksmarkað í Kjarnanum fyrsta laugardag í desember.

...að Mosfellingar séu í óðaönn að undirbúa hrekkjavöku í hverfunum fyrir sunnudaginn.

...að 5G sé farið að mælast í Mosó.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



**Sverrir Alexander Kjærnested Castillo fæddist 12. febrúar 2021 kl. 21.51 á Landspítala. Hann var 51,5 cm á lengd og 3.370 á þyngd. Foreldrar hans eru Sigurjón Norberg Kjærnested og Sandra Yildiz Castillo Calle.**



**Blær Magnúsar fæddist 12. september kl. 05.26 í Mosfellsbæ. Blær var 3.840 gr og 52 cm við fæðingu. Blær er annað barn þeirra hjóna en fyrir eiga þau Einar Inga 3 ára. Foreldrar eru Magnús Már Einarsson og Anna Guðrún Ingadóttir**


Viltu selja?

Hafðu samband
Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala Mosfellsbæjar

SÍMI:
586 8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is


# Í eldhúsinu

HJÁ INGU OG EINARI

## Grafið lamb

Hjónin Inga Rut Hjaltadóttir og Einar Hólm Magnússon deila hér uppskrift að gröfnu lambi. „Þessi uppskrift er tilvalin þar sem nýtt lambakjöt er ferskt í búðunum núna.“ Rétturinn er til dæmis frábær í forrétt.



**Grafið lamb - 500 gr lambafille**

- 1 dl gróft salt
- 2 msk sykur
- 1 msk óreganó
- 1 msk rósmarín
- 1 msk basilíka
- 1 msk sinnepsfræ
- 1 msk dillfræ
- 1 msk svartur pipar
- 1 msk rósapipar
- Sletta af púrtvíni (valfrjálst)

**Sósa:**

- 1 dl ólífuolía
- 2-3 msk hlynsíróp
- 3-4 msk balsamikedik
- 2-3 tsk dijonsinnep

Lambafille er vel fituhreinsað og sinar og himna hreinsuð af. Því næst er kjötið þerrað. Salti, sykri, kryddum og púrtvíni blandað vel saman og dreift yfir vöðvana og geymt í kæli í a.m.k. sólarhring.

Sósan: Ólífuolíu, hlynsírópi, balsamikediki og dijonsinnepi blandað saman.

Kjötið sneitt í þunnar sneiðar og borið fram með sósunni og klettasalati til hliðar.

*Njótið!*

**Inga og Einar skora á Láru og Gústa að deila næstu uppskrift**

# VERUM ÞAKKLÁT

Ég opnaði facebook um daginn og sá svo skemmtilega færslu á Íbúar í Mosfellsbæ – Umræðuvettvangur en þar var verið að hrósa unglingunum/börnunum okkar fyrir kurteisi og þráðurinn einkenndist af jákvæðni. Það er svo gaman að sjá hvað jákvæðnin skín hjá bæjarbúum þegar við tökum okkur til og hrósum. Hrós er svo mikilvægt og allra helst fyrir þennan aldurshóp sem er að læra á lífið.

Unglingarnir og börnin okkar í Mosó eru nefnilega frábær, við þurfum að sjá það! Ég sem starfsmaður í félagsmiðstöðinni Bólinu fæ þann heiður að fylgjast með þeim og leiðbeina. Nýlega hafa verið tveir viðburðir; tónleikar á Barion þar sem hljómsveitir sem æfa í Kjallaranum spiluðu fyrir unglingana og Halloween-ball. Á báðum þessum viðburðum voru unglingarnir okkar til fyrirmyndar, þau nutu sín og það var rosalega gaman! Það gefur mér svo mikið að fá að fylgjast með þessum aldurshópi og taka þátt í þeirra leið út í lífið.

Umræðan um unglinga byggist oft á neikvæðni en þau eru að læra, þau eru að uppgötva og finna hvernig lífið virkar, það er því okkar hlutverk sem samfélag að hjálpa, leiðbeina og hrósa. Það er svo margt frábært sem þessir krakkar gera, þau eru að taka þátt í félagsstarfi og það kemur mér stundum á óvart hvað þau eru til í margt bara ef þau fá tækifæri til þess. Bólráðin og nemendaráðin í öllum skólum Mosfellsbæjar eru stútfull af metnaðarfullum unglingum sem leggja sig fram við að gera félagsstarfið enn betra.

Covid-19 takmarkanirnar hafa sett strik í reikninginn hjá okkur flestum, ef ekki öllum en þær hafa trúlega sett mesta strikið í reikninginn hjá börnum og unglingum. Á þeim árum mótast einstaklingar og þegar utanaðkomandi aðstæður loka flestum dyrum fyrir börnum og unglingum verðum við að vera dugleg að opna allar þessar dyr aftur. Það gefur auga leið að einstaklingar sem eru að forvitnast um lífið og tilveruna verða að hafa svigrúm og tækifæri til þess að átta sig á því hvar þau vilja standa.

Verum þakklát fyrir börnin og unglingana okkar, verum dugleg að hrósa því þau eru frábær!



EMMA ÍREN




Mosfellsbakari.is
Háholt 13-15
Háaleitisbraut 58-60
MOSFELLSBAKARÍ

# SMÁ AUGLÝSINGAR

**Stríðsmunir**
Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 822-5344. Tryggvi.



**Nudd**
Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmkjarnaolíu fyrir proseager. Pantið tíma í síma: 822-7750 (Lenka)

**Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

**ÞÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT**
(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

**Íbúð óskast til leigu**
Hótel Laxnes óskar eftir 2-3 herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Uppl. Albert s. 8666684.

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS




**NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT**
**18. NÓV.**
*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*
Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mosfellingur@mosfellingur.is

---

**FHS**
Hjálmar Guðmundsson
Löggildur húsasmíðameistari
s:6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

---

**Ökukennsla HREIÐARS**
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

---

**Bílapartar ehf**
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

---

**B. Markan ehf. Pípulagnir**
660 6690
www.bmarkan.is

---

**MALBIKSTÖÐIN**

---

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
*Útvega allt jarðefni*
**VÖRUBÍLL Þ.B.**
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



---

**LÖGMANNSSTOFA BJARNI LÁRUSSON**
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
ÞVERHOLTI 2 MOSFELLSBÆ
669 7909 bjarni@allt.is

---

www.arioddsson.is
**ARI ODDSSON EHF**
BYGGINGAVERKTAKI
MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

---

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR**
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

---

**BH BÍLHÚSIÐ**
BÍLAVIÐGERÐIR
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir, smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

---

**GLERTÆKNI ehf**
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

---



**OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA**

**Lágafellslaug**
Virkir dagar: 06.30 - 21.30
Helgar: 08:00 - 19:00

**Varmárlaug**
Virkir dagar: 06.30-08:00 og 15:00-21:00
Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



# SPURNING TIL BÆJARBÚA

**Hvað ætlar þú að vera á hrekkjavökunni?**



**ARI:**
Scary Monster



**HILMAR:**
Fortnite-kall



**HLYNUR:**
Úlfur



**SÆMI:**
Zombie



**SÓLDÍS:**
Ghostbusters



**EMILÍA:**
Harley Quinn




@MOSFELLINGUR

# Fylgdu okkur á Instagram...



Fallegt á fjöllum



Skálað í Króatíu



Badminton-meistarar



Þrír með öllu

# HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Captains dinner



Refsing á Barion



Bingóbjössar



Kátt á hjalla



Okkar menn í Kviss



Selfie á skvísurnar





Loksins út á lífið

UMFUS



**UNGIR SVEINAR KARLAÞREKSINS**
**KVEÐJA ELLA ÞJÁLFA EFTIR RÚM 20 ÁR**

## TVÍFARAR



Einar Smári



Erling Haaland


Hárstofan Sprey

Sími 5176677
noona.is/sprey

Kristín Stefánsdóttir hársnyrtir kemur til okkar í Sprey-teymið 1. nóvember og starfar á Sprey Garðatorgi.

Kristín útskrifaðist 2017 úr Tækniskólanum og hefur unnið við hár síðan.

Við bjóðum hana hjartanlega velkomna í teymið.



# NAUTAFILE KOMBÓ
## MEÐ MEÐLÆTI FYRIR FJÓRA

- UNGNAUTA FILE Í BLACK GARLIC MARINERINGU (UÞB. 1 KG)
- FJÓRAR GRATÍNKARTÖFLUR
- 1/2 KG AF WALDORFSALATI
- RJÓMALÖGUÐ PIPARSÓSA

~~9.850 KR/STK~~
7.880 KR/STK



KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

*GRENSÁSVEGI 48 - REYKJAVÍK*
*SUNNUKRIKA 3 - MOSFELLSBÆ*

# ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

ALLT
FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

# MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



## HREPPASKJÖLDURINN Í MIÐDAL

*Hrútasýning Sauðfjárræktarfélagsins í Kjós fór fram mánudaginn 11. október. Í félaginu eru sauðfjárbændur í Kjós, á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ og kepptu þeir sín á milli um bestu hrútana. Hrúturinn Þyrnir frá Miðdal vann hreppaskjöldinn og mældist með 91,5 stig í flokki veturgamalla hrúta.*

Mynd/Hilmar

Sæktu Landsbanka-appið
App Store
Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**
löggiltur fasteignasali
897-0047



**Davíð Ólafsson**
löggiltur fasteignasali
896-4732

Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30
BERG FASTEIGNASALA

**Þverholt, verslunarmiðstöð**



Mjög gott og aðgengilegt 212 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð við Þverholt. Snyrtilegt húsnæði sem hentar undir ýmsa starfsemi. Næg bílastæði. Laust 1. febrúar 2022.

**Sunnukriki**



Til leigu tvö góð skrifstofu- og verslunarrými á jarðhæð og á 2. hæð á þessum vinsæla stað við Sunnukrika. 194 fm og 560 fm, hægt að skipta því rými upp í minni einingar. Flott staðsetning og næg bílastæði. Góð aðkoma.

**Blíðubakki, hestamiðstöð**



Vel staðsett 900 fm hestamiðstöð. Pláss í stíum fyrir 35 hesta. Stór salur fyrir tamningar og fl. Séríbúð á efri hæð og gott aðgengi. Flott aðstaða, hnakkageymsla og snyrtiaðstaða. Stór hlaða og tæki. Góð gerði og bílastæði. Fyrsta flokks aðstaða fyrir hestamenn og hesta.

**Leirvogstunga**



Glæsilegt tveggja hæða einbýlishús á góðum útsýnisstað við Leirvogstungu. 350 fm hús með möguleika á 1-2 íbúðum á neðri hæð. Vel byggt hús, klætt að utan. Stórar svalir. Góð lofthæð. **V. 149,7 m.**

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989